# FRÉTTABLAÐIÐ

259. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 2. NÓVEMBER 2018




Húsráðandinn á Kirkjuvegi 18 á Selfossi, þar sem tvennt lést í eldsvoða á miðvikudaginn, var í gær í Héraðsdómi Suðurlands úrskurðaður í viku langt gæsluvarðhald og sömuleiðis kona sem var gestkomandi í húsinu þegar eldurinn kom upp. Lögregla telur eldinn hafa kviknað af mannavöldum en yfirlögregluþjónn segir aðspurður að engin játning liggi fyrir um slíkt. Sjá nánar á síðu 2

# Segir of langt þinghald ógn við réttaröryggið

**Aðalmeðferð í máli Thomasar Møller Olsen stóð í tæpar 13 klukkustundir síðastliðinn mánudag. Ógn við réttaröryggið að þinghald standi svo lengi segir lögmaður. Réttur sakaðra manna að dómari haldi fullri athygli í þinghaldi.**

**DÓMSMÁL** „Það eru allir meðvitaðir um að það er ógnun við réttaröryggið að fara fram úr því sem hæfilegt er í tíma, enda ekki mannlegt að halda þeirri athygli sem þarf í svona langan tíma,“ segir Gestur Jónsson hæstaréttarlögmaður um hæfilega lengd þinghalds fyrir dómi.

Aðalmeðferð í máli Thomasar Møller Olsen fór fram í Landsrétti á mánudaginn og stóð í tæpar 13 klukkustundir. Thomas var dæmdur í 19 ára fangelsi í fyrra fyrir morðið á Birnu Brjánsdóttur og fyrir fíkniefnabrot.

Skýrslutökum fyrir Landsrétti var ekki lokið fyrr en undir kvöld en í stað þess að fresta munnlegum málflutningi ákvað dómsformaður að ljúka honum sama dag og lauk honum ekki fyrr en klukkan var langt gengin í tíu um kvöldið.

„Þarna er um að ræða mál sem varðar 19 ára fangelsi fyrir ungan mann sem er auðvitað grafalvarlegt. Málið hefur snert taugar þessarar þjóðar meira en önnur mál hafa gert í rauninni. Það er auðvitað vont að keyra slíkt mál áfram í þrettán klukkustundir, þegar allir vita að það er langt umfram það sem hæfilegt er í svona málum,“ segir Gestur.

Gestur lætur þess þó getið að hann þekki ekki umrætt mál. Hann hafi hins vegar lagt það til í málum sem taka fleiri en einn dag, að vera ekki með dagskrá sem kalli á fulla athygli í meira en sex tíma á dag. Erfitt sé að halda fullri athygli í lengri tíma en svo.

Aðrir lögmenn sem Fréttablaðið ræddi við segja fátítt að þinghald standi svo lengi en sérstakar aðstæður geti krafist þess að þinghald standi fram yfir hefðbundinn vinnudag. Þrettán tímar sé þó óvenjulega langt og ekki til eftirbreytni, enda krefjist réttur manna til réttlátrar málsmeðferðar þess að dómarar sem dæma eigi um frelsi og önnur mikilsverð réttindi borgaranna haldi fullri athygli við meðferð mála fyrir dómi. – aá / sjá síðu 8



Thomas Møller Olsen fékk 19 ára dóm í héraði.

### Nokkur hlé voru tekin við meðferð málsins

| | |
|---|---|
| **Kl. 9.00** | dómþing sett |
| **Kl. 10.18** | hlé í 10 mínútur |
| **Kl. 12.39** | hlé í 35 mínútur |
| **Kl. 16.37** | hlé í 15 mínúur |
| **Kl. 18.12** | hlé í 35 mínútur |
| **Kl. 21.38** | dómþingi slitið |

> Þarna er um að ræða mál sem varðar 19 ára fangelsi fyrir ungan mann sem er auðvitað grafalvarlegt.
>
> Gestur Jónsson hæstaréttarlögmaður

## Lögregla skoðar gagnasendingu

**LÖGREGLUMÁL** „Við höfum því ekki lokið skoðun okkar á málinu sem er komið á borð ákærusviðs,“ segir Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu.

Sigríður segir lögregluna gefa sér tvær vikur til að rannsaka hvort ástæða sé til að gefa út ákæru vegna sendingar gagna frá Barnaverndarstofu til fjölmiðla. Forstjóri Barnaverndarstofu verður tekinn í skýrslutöku. – sa / sjá síðu 6



**Sigríður Björk Guðjónsdóttir lögreglustjóri.**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Þórlindur Kjartansson skrifar um pirrandi spurningar. 17

**SPORT** Haukur Helgi hefur komið sér vel fyrir í úthverfi Parísarborgar þar sem hann leikur með Nanterre 92. 18

**TÍMAMÓT** Krummi Króm kennir börnunum að segja nei. 20

**MENNING** Gamanóperan Þrymskviða fær glimrandi dóm. 24

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

## Sagði upp og samdi plötu

**LÍFIÐ** Tónlistarkonan Þura Stína, eða Sura eins og hún kallar sig, hefur sent frá sér sína fyrstu breiðskífu. Hún fór alla leið við vinnslu plötunnar – sagði upp vinnunni og fór að semja plötu í fullri lengd. – sþh / sjá síðu 30






## Veður




Vestan 8-15 m/s norðaustan til á landinu fyrri part dags, en annars hægari norðaustlæg eða breytileg átt. Vaxandi norðaustanátt í kvöld, þykknar upp og fer að rigna við SA-ströndina síðla kvölds. SJÁ SÍÐU 24



**Fólk er hvatt til að hvíla bílana í dag.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Sjá fyrir mikinn mengunardag

**UMHVERFISMÁL** Styrkur köfnunarefnisdíoxíðs verður líklega töluverður á höfuðborgarsvæðinu í dag ef marka má tilkynningu sem Reykjavíkurborg sendi frá sér í gær.

„Besta ráðið til að draga úr mengun er að hreyfa ekki bílinn,“ biðlar borgin til almennings. Styrkur köfnunarefnisdíoxíðs hafi verið hár í gær samkvæmt mælingum í mælistöðinni við Grensásveg.

„Köfnunarefnisdíoxíðmengunin í borginni kemur frá útblæstri bifreiða og er mikil á morgnana og í eftirmiðdaginn þegar umferð er mest. Gert er ráð fyrir áframhaldandi hægviðri og frosti og umtalsverðar líkur á því að styrkur köfnunarefnisdíoxíðs fari yfir sólarhringsheilsuverndarmörk við Grensásveg,“ vara borgaryfirvöld við.

Vegna þess að líklegt sé að sama staða verði uppi í dag hvetji Reykjavíkurborg borgarbúa og alla sem geta breytt út af vananum til að hvíla bílinn á morgun. Fólk geti tekið strætó, gengið eða hjólað.

„Köfnunarefnisdíoxíð veldur ertingu í lungum og öndunarvegi. Þeir sem eru viðkvæmir fyrir öndunarfærum ættu að hvetja samborgara sína til að láta bílinn vera á morgun. Annars þarf fólk að forðast útivist og takmarka áreynslu í nágrenni stórra umferðargatna.“ **– gar**

# Ljósastund í Víkurgarði



**Látinna var minnst og hótelbyggingu mótmælt á ljósastund í Víkurgarði. Viðburðurinn var haldinn að lokinni helgistund í Dómkirkjunni en í gær var allraheilagramessa. Elínborg Sturludóttir dómkirkjuprestur sagði við Fréttablaðið í gær að framkvæmdirnar á reitnum væru ósvinna.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sýn gefur út afkomuviðvörun

**VIÐSKIPTI** Útlit er fyrir að EBITDA Sýnar verði undir spám félagsins þar sem samruni við tiltekinn rekstur 365 miðla hefur reynst fjárfestingarfrekari og kostnaðarmeiri en áætlanir gerðu upprunalega ráð fyrir. Gengisveiking krónunnar á einnig þátt þessum breyttu horfum.

Þetta kemur fram í afkomuviðvörun frá Sýn en þar segir að drög árshlutauppgjörs þriðja fjórðungs skili EBITDA upp á 1.032 milljónir króna sem er 21 prósents aukning frá sama fjórðungi á síðasta ári.

„Þrátt fyrir þennan vöxt í EBITDA er fjórðungurinn undir væntingum einkum vegna verkefna sem tengjast sameiningu kerfa, flutningi starfsmanna og eininga, sem hafa bæði í för með sér álag og í sumum tilvikum truflun á starfsemi,“ segir meðal annars í afkomuviðvörunni sem Sýn sendi frá sér í gær. **– þfh**

# Tvennt lést í eldsvoða og tvö í gæsluvarðhaldi

**Karl og kona voru í gærkvöldi úrskurðuð í viku langt gæsluvarðhald vegna rannsóknar á tildrögum eldsvoðans á Selfossi á miðvikudag. 47 ára kona og 49 ára karl létust í brunanum sem lögreglu grunar að hafi verið af mannavöldum.**

**LÖGREGLUMÁL** Karl og kona létu lífið í eldsvoðanum á Kirkjuvegi 18 á Selfossi á miðvikudaginn. Þau fundust á efri hæð hússins í gær.

Karlmaður fæddur 1965, sem er húsráðandi, og kona fædd 1973, sem var einnig í húsinu, voru í gærkvöld bæði úrskurðuð í viku langt gæsluvarðhald.

„Vinnu á vettvangi er lokið og húsið hefur verið afhent tryggingafélagi,“ sagði Oddur Árnason, yfirlögregluþjónn á Suðurlandi, við Fréttablaðið um kvöldmatarleytið í gær. Fyrr um daginn gerði lögregla kröfu um gæsluvarðhald yfir húsráðandanum á Kirkjuvegi 18 og konu sem var gestkomandi þar þegar eldurinn braust út. Orðið var við kröfunni sem byggð var á rannsóknarhagsmunum í Héraðsdómi Suðurlands á níunda tímanum í gærkvöldi.

Oddur vildi að svo komnu máli ekki gefa upp hvers menn hefðu orðið vísari. „Við höldum nokkuð þétt að okkur spilunum með efni rannsóknarinnar,“ sagði hann og vísaði í tilkynningur frá lögreglunni. Þar kom fram að grunur lék á íkveikju.

„Það er grunur um að eldurinn hafi kviknað af mannavöldum,“ staðfesti Oddur. „Það er til rannsóknar hvernig það atvikaðist,“ svaraði hann aðspurður hvort talið sé eldurinn hafi komið upp fyrir slysni eða hvort kveikt hafi verið í af ásettu ráði. Enn fremur sagði yfirlögregluþjónninn aðspurður að engin játning lægi fyrir.

Fram kom í viðtali Stöðvar 2 í gærkvöldi við æskufélaga og nágranna húsráðandans að þeir hefðu ræðst við þegar sá síðarnefndi kom út úr brennandi húsinu. Þá hafi húsráðandinn gefið tilteknar skýringar á því sem gerst hafði. Vildi nágranninn ekki gefa upp nánar hvað þeim fór á milli.

Oddur sagði karlmanninn sem sé í haldi vera húsráðanda. „Hin voru gestkomandi og búin að vera mismundandi lengi,“ sagði hann. „Ég held að orðið neyslufélagar sé rétta orðið,“ svaraði hann um tengsl fólksins.

gar@frettabladid.is



**Tvö kerti loguðu í gærkvöldi framan við einbýlishúsið Kirkjuveg 18 á Selfossi.**

## Þau sem létust



**Guðmundur Bárðarson,** fæddur 29. nóvember 1969, búsettur á Selfossi, ókvæntur og barnlaus.



**Kristrún Sæbjörnsdóttir,** fædd 1. október 1971, búsett í Reykjavík. Hún lætur eftir sig þrjá syni.

**FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS**

Fleiri myndir tengdar brunanm eldsvoðanum eru á +Plús síðu Fréttablaðsins.

**Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðs-appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á frettabladid.is.**



+PLÚS



FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Sorgartímar á Selfossi

**Þriggja barna móðir fædd 1971 og karlmaður fæddur 1969 létust er íbúðarhús á Kirkjuvegi 18 á Selfossi brann á miðvikudag. Grunur leikur á íkveikju og var húsráðandinn, karl fæddur 1965, og gestkomandi kona fædd 1973 úrskurðuð í vikulangt gæsluvarðhald í gærkvöld vegna rannsóknarhagsmuna í málinu.**















# Neyðarkall úr fortíð!

Þessa dagana senda björgunarsveitirnar frá sér Neyðarkall sem nú kemur úr fortíðinni enda fagnar Slysavarnafélagið Landsbjörg 90 ára afmæli á þessu ári. Með því að kaupa Neyðarkall tekur þú þátt í uppbyggingarstarfi björgunarsveitanna í landinu og stuðlar um leið að eigin öryggi og annarra.

Taktu vel á móti sjálfboðaliðum björgunarsveitanna og leggðu okkur lið.

**Þetta er Neyðarkall til þín.**

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

# Forsetahjónin seldu Neyðarkallinn

**SAMFÉLAG** Herra Guðni Th. Jóhannesson og Eliza Reid forsetahjón hófu árlegt söfnunarátak Slysavarnafélagsins Landsbjargar í gær með því að setja af stað sölu á Neyðarkallinum í Kringlunni í Reykjavík.

Í tilkynningu frá félaginu í gær kom fram að hagnaður af sölunni renni beint til björgunarsveita og að fjármagnið verði notað til að bæði efla búnað og styrkja þjálfun björgunarsveitarmanna um allt land. Þar kom einnig fram að rekstur björgunarsveita sé dýr. Þjálfa þurfi björgunarsveitarfólk, tæki og tól þurfi að vera tiltæk og í góðu lagi, húsnæði þurfi undir búnað og olíu á tækin. Því er fjármagns aflað með ýmsum hætti. Með sölu á Neyðarkalli, flugeldum, með dósasöfnun, gæsluverkefnum, jólatréssölu og ýmsu öðru.

Sala á Neyðarkallinum mun halda áfram í dag og á morgun og mun Landsbjargarfólk standa vaktina víða um land. „Við vonum að landsmenn taki þeim opnum örmum og styðji þannig við bakið á fórnfúsu starfi þúsunda sjálfboðaliða,“ sagði í tilkynningu frá félaginu. **– þea, la**



Hér má sjá forsetahjónin með Landsbjargarfólki, já og hundi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




Öryrkjabandalagið. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Fagna stefnu ASÍ

**ÖRYRKJAR** Alþýðusamband Íslands (ASÍ) ákvað á nýafstöðnu þingi sínu að falla frá fyrri hugmyndum sínum um svokallað starfsgetumat. Nú er hins vegar lögð áhersla á aukið samstarf við öryrkja um almannatryggingakerfið. Einnig er lögð áhersla á að króna á móti krónu kerfi almannatrygginga verði afnumið.

Þetta þykir nokkurt fagnaðarefni í herbúðum Öryrkjabandalagsins. Alþýðusambandið hefur lengi haft starfsgetumat á stefnuskrá sinni sem ÖBÍ hefur mótmælt.

VR og Efling stéttarfélag hafa áður tekið undir málefni öryrkja í þessum málum og telja öryrkjar því mikinn hag í því að fá ASÍ einnig með sér í lið í hagsmunabaráttu félagsins. **– sa**

## Spotify tók skarpa dýfu

**TÆKNI** Virði hlutabréfa í sænsku tónlistarveitunni Spotify minnkaði í gær um tíu prósent eftir að fyrirtækið greindi frá því að það myndi halda áfram að einbeita sér að því að stækka notendahópinn á kostnað hagnaðar. Reuters greindi frá þessu.

Fyrirtækið komst nálægt því að skila hagnaði í fyrsta skipti á síðasta ársfjórðungi. Það var þó ekki af ásettu ráði heldur sagði fyrirtækið að það hefði gerst þar sem því hafi ekki tekist að ráða nægilega marga forritara til sín. **– þea**

# Lögregla skoðar gagnasendingu Barnaverndarstofu til fjölmiðla

**Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu ætlar að gefa sér hálfan mánuð til að rannsaka hvort ástæða sé til að gefa út ákæru vegna sendingar gagna frá Barnaverndarstofu til fjölmiðla. Forstjórinn verður tekinn í skýrslutöku. Persónuvernd segir lög hafa verið brotin. Barnaverndarnefndir voru ósáttar við dreifingu gagnanna.**

**LÖGREGLUMÁL** Gagnasending Barnaverndarstofu til fjölmiðla, sem innihélt viðkvæmar persónuupplýsingar, er komin á borð lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Persónuvernd ákvað að taka gagnasendinguna til athugunar og komst að því að persónuverndarlög hefðu verið brotin.

Ljóst þykir að gögn um barnaverndarmál eru með þeim viðkvæmari og taldi Persónuvernd því mikilvægt að rannsaka gagnasendinguna.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, segir embættið ætla að skoða málið. Samkvæmt heimildum blaðsins hefur forstjóri Persónuverndar verið boðuð í skýrslutöku sem vitni í málinu. Embættið hefur hins vegar ekki lokið rannsókn málsins og því ekki víst hvort saknæmt athæfi hafi átt sér stað.

„Við munum taka okkur tvær vikur til að skoða þennan úrskurð Persónuverndar ofan í kjölinn. Við höfum því ekki lokið skoðun okkar á málinu sem er komið á borð ákærusviðs,“ segir Sigríður Björk

Barnaverndarstofa lét fréttastofu Ríkisútvarpsins og Stundinni í té gagnapakka um einstök barnaverndarmál, deilur foreldra um umgengnisrétt við börn og fundargerðir svo dæmi séu tekin. Þó að nöfn og kennitölur hefðu verið afmáð úr gögnunum var mögulegt að finna út hvaða einstaklinga var um að ræða. Að mati Persónuverndar var ekki nóg að afmá nöfn og kennitölur ef hægt væri að rekja upplýsingar til einstaklinga.

Heiða Björg Pálmadóttir, starfandi forstjóri Barnaverndarstofu, sagði við Fréttablaðið í maí að stofnunin hefði ekki brotið lög.

„Beiðni um upplýsingar var unnin samkvæmt lögum í samráði við lögfræðinga stofnunarinnar,“ sagði Heiða Björg á sínum tíma. Nú er hins vegar komið annað hljóð í strokkinn. Í tilkynningu frá stofnuninni segist hún taka ábendingar Persónuverndar mjög alvarlega og segir mistök hafa orðið við framkvæmd afmáningar upplýsinga.

Barnaverndarnefndir á höfuðborgarsvæðinu voru ósáttar við að gögn í málum skjólstæðinga þeirra hefðu ratað til fjölmiðla á sínum tíma. Það mun svo ráðast á næstu tveimur vikum hvort lögreglan muni aðhafast frekar í málinu. **sveinn@frettabladid.is**




Barnaverndarstofa ákvað að láta frá sér viðkvæmar persónuupplýsingar sem leynt áttu að fara. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Við munum taka okkur tvær vikur til að skoða þennan úrskurð Persónuverndar ofan í kjölinn.**
>
> Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu

jeep.is







JEEP® CHEROKEE LONGITUDE LUXURY
JEEP® 7 DAGA VIKUNNAR. ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF.
AÐEINS TVEIR BÍLAR EFTIR Á GAMLA GENGINU
DÍSEL 2.2 185 HÖ. 9 GÍRA SJÁLFSKIPTUR.
AUKAHLUTAPAKKI: MÁLMLITUR, 18" ÁLFELGUR, 30" DEKK, 8,4" SKJÁR, LEÐURSÆTI, RAFDRIFIN FRAMSÆTI MEÐ MJÓBAKSSTUÐNINGI, BAKKMYNDAVÉL, LEIÐSÖGUKERFI OG PREMIUM HLJÓÐKERFI, LYKILLAUST AÐGENGI, FJARSTART OG RAFMAGNS AFTURHLERI.
ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
Jeep
THERE'S ONLY ONE




Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu.

# TAXFREE* AF ÖLLUM LEIKFÖNGUM DAGANA 1.-5. NÓVEMBER

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti

24 Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP Meira svona alla daga

# Meðferð við legslímuflakki í augsýn

**HEILBRIGÐISVÍSINDI** Rannsakendur Northwestern-háskóla í Chicago hafa tekið fyrstu skref í átt að meðferð við legslímuflakki, eða endómetríósu. Rannsókn vísindamannanna, sem birt var í vísindaritinu Stem Cell Report í gær, sýnir fram á að hægt er að hagnýta fjölhæfar stofnfrumur til að koma í stað frumna í legi kvenna sem valda sjúkdóminum. Stofnfrumurnar eru unnar úr líkama viðkomandi einstaklinga, og því ólíklegt að líkaminn hafni frumunum.

Legslímuflakk er sjúkdómur sem rekja má til þess að frumur úr legi kvenna rata á aðra staði í kviðarholinu og skila sér ekki út úr líkamanum við blæðingar. Sjúkdómurinn er krónískur og afar sársaukafullur.

„Þetta eru risavaxin tíðindi,“ segir Serdar Bulun hjá Northwestern, sem rannsakað hefur legslímuflakk undanfarna áratugi. Bulun segir að næsta skref verði að koma endurforrituðum stofnfrumum fyrir í legi kvenna sem glíma við sjúkdóminn. „Einn daginn vonumst við til að geta ræktað heilt leg með því að nýta stofnfrumur viðkomandi einstaklings.“ – khn



**Stofnfrumur má nýta í baráttunni gegn sjúkdómnum.** NORDICPHOTOS/GETTY



**Emmanuel Macron, forseti Frakklands, er óvinsæll.** NORDICPHOTOS/AFP

## Ekkert gengur hjá Macron

**FRAKKLAND** Óvinsældir Emmanuels Macron, forseta Frakklands, aukast enn þrátt fyrir uppstokkun í ráðuneyti hans í því skyni að auka fylgið. Í nýrri könnun mældist forsetinn með stuðning 26 prósenta landsmanna. Það er fjórum prósentustigum minna en í síðasta mánuði. Aftur á móti sagðist heilt 71 prósent hafa enga trú á stjórnarháttum Macrons.

Politico greindi frá því að þegar Francois Hollande var búinn að gegna embættinu jafnlengi mældist hann enn óvinsælli, eða með stuðning 21 prósents. Nicolas Sarkozy mældist þó öllu vinsælli, með 39 prósenta stuðning.

Og til enn frekari samanburðar segjast 42 prósent Bandaríkjamanna ánægð með Donald Trump forseta. 53 prósent segjast hins vegar ekki styðja forsetann. – þea



**Sergio Moro verður dómsmálaráðherra í nýrri stjórn.** NORDICPHOTOS/AFP

## Nýr ráðherra er afar umdeildur

**BRASILÍA** Jair Bolsonaro, sem tekur við embætti forseta Brasilíu á nýársdag, hefur talið dómarann Sergio Moro, sem þekktur er fyrir harða dóma í spillingarmálum, á að verða dómsmálaráðherra sinn. Um þetta tilkynntu mennirnir tveir á blaðamannafundi í gær við mikla hrifningu stuðningsmanna Bolsonaros en litla hrifningu stuðningsmanna Verkamannaflokksins.

Moro er maðurinn sem sakfelldi Lula da Silva, fyrrverandi forseta, fyrir hönd Verkamannaflokksins, fyrir mútuþægni og peningaþvætti og kom þannig í veg fyrir að da Silva gæti boðið sig fram gegn Bolsonaro fyrr á árinu. Á þeim tíma mældist da Silva vinsælastur í skoðanakönnunum.

„Alríkisdómarinn Sergio Moro samþykkti boð okkar um að stýra dómsmálaráðuneytinu. Afstaða hans gegn spillingu og skipulagðri glæpastarfsemi sem og virðing hans fyrir landslögum og stjórnarskránni mun verða okkur leiðarljós,“ tísti Bolsonaro. – þea



**Halldór Benjamín Þorbergsson og Ásdís Kristjánsdóttir fóru í gær yfir stöðuna frá sjónarhóli SA fyrir komandi kjaraviðræður.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Sömu aðferðafræði beitt í 70 ár og hún hefur alltaf mistekist

**Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins segir að skynsamir atvinnurekendur og skynsöm verkalýðsforysta taki mið af ytri aðstæðum þjóðarbúsins. Hann vill breyta um kúrs og tryggja stöðugleika með hóflegum launahækkunum. Forseti ASÍ segir SA þurfa að koma með lausnir bjóði þeir upp á kyrrstöðusamninga.**

**KJARAMÁL** „Við erum þeirrar skoðunar að skynsemi sé veruleg meirihlutaskoðun á Íslandi. Við getum líka spurt hverju við höfum að tapa með því að breyta um kúrs. Við erum búin að beita sömu aðferðafræðinni í 70 ár og hún hefur alltaf mistekist,“ segir Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (SA).

Halldór vill horfa til hinna Norðurlandanna og hvernig kjarasamningar eru gerðir þar. Fari Íslendingar þá leið sé hann sannfærður um að eftir tvö til þrjú ár verði yfirgnæfandi meirihluti þeirrar skoðunar að þetta hefði átt að gera miklu fyrr.

„Á hinum Norðurlöndunum er áhersla lögð á jafnar og hóflegar launahækkanir sem skila jafnri kaupmáttarþróun til langs tíma. Ef við færum þá leið myndi ekki hvarfla að okkur að taka upp gamla háttinn á nýjan leik.“

Samtökin luku í gær fundaferð sinni um landið með fundi í Hörpu þar sem rætt var um stöðu efnahagsmála og komandi kjaraviðræður. Halldór skoraði á fundinum á verkalýðsforystuna að taka þátt í því að tryggja stöðugleika með því að semja um hóflegar launahækkanir.

Í kynningu sinni á fundinum lögðu Halldór og Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs SA, áherslu á að svigrúm til launahækkana væri lítið enda væntingar stjórnenda fyrirtækja og heimila í lágmarki. Samkvæmt könnun meðal félagsmanna SA er svigrúmið talið 1,9 prósent að meðaltali.

„Skynsöm verkalýðshreyfing og skynsamir atvinnurekendur taka mið af ytri aðstæðum þjóðarbúsins. Það eru kannski skilaboðin sem við vorum að senda í dag. Stundum er besta leiðin til að sækja fram að hlaupa en stundum er besta leiðin að fara sér hægt og við erum á þeim stað í hagsveiflunni núna,“ segir Halldór.

Hann segir enga list fólgna í því að knýja fram tugprósenta launahækkun. „Það er engin færni fólgin í því. Færnin er fólgin í því að hitta akkúrat á þetta og það er ekki alltaf eins frá ári til árs. Stundum er mikið rými og þá eru miklar launahækkanir. En þegar rýmið er minna þá sættir samfélagið sig við það og í staðinn fáum við lægri vexti án verðbólguskots og stöðugleika sem eru mikil lífsgæði fyrir heimili landsins að búa við.“

Halldór segist ánægður með fundaferðina en 13 staðir um land allt voru heimsóttir og fundargestir um þúsund talsins. „Þegar maður hittir svona marga þá finnur maður að atvinnulífið er mjög stolt af þeim mikla árangri sem það hefur náð með launþegum á undanförnum árum. Efnahagslegur raunveruleiki knýr samt alltaf dyra að lokum. Nú eru menn svolítið hræddir við að kjarasamningarnir verði of bólgnir eins og þeir voru óneitanlega síðast.“

sighvatur@frettabladid.is

### Þættir sem hjálpuðu síðast vinna ekki með okkur

Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs SA, fjallaði á fundinum í gær um ytri aðstæður í efnahagslífinu. Hún segir að á gildistíma núverandi kjarasamninga hafi ýmsir þættir orðið til þess að tekist hafi að halda verðbólgu niðri þrátt fyrir miklar launahækkanir.



„Viðskiptakjör bötnuðu mjög á þessum tíma sem birtist meðal annars í lækkandi olíuverði. Svo varð auðvitað gríðarlegur vöxtur í ferðaþjónustu og gengisstyrking krónunnar á sama tíma.“

Aðgerðir stjórnvalda eins og afnám tolla og vörugjalda hafi líka hjálpað til og við bætist að fyrirtæki hafi séð fram á miklar kostnaðarhækkanir og farið í hagræðingaraðgerðir. Allir þessir þættir hafi valdið því að viðbótarsvigrúm hafi skapast.

„Þessir þættir sem hjálpuðu okkur síðast eru hins vegar ekki að vinna með okkur í dag og eru frekar að þróast í hina áttina. Við sjáum það í fréttum að uppsagnir eru að hefjast og fyrirtæki eru byrjuð að grípa til aðgerða. Viðskiptakjör hafa líka versnað það sem af er ári, krónan er að veikjast og það hefur hægt á fjölgun ferðamanna.“

### SA komi með lausnir

„Ef SA vilja fara í einhvers konar kyrrstöðusamninga þá legg ég til að þeir komi með lausnir á þeim vanda sem við er að eiga í íslensku samfélagi sem er sá að fólk nær ekki endum saman. Þeir verða að hlusta á þær gríðarlegu og sanngjörnu kröfur að fólk geti lifað af launum sínum og notið lífsins. Ef við erum sammála um þær forsendur hljótum við að geta náð saman,“ segir Drífa Snædal, forseti ASÍ.

Hún segir að nýkjörin forysta ASÍ sé nú á fullu að vinna úr skilaboðum nýliðins þings sambandsins. „Við forsetarnir erum að fara að hitta formenn stærstu aðildarfélaga ASÍ. Þá munum við taka fyrir skatta- og húsnæðismálin.“


SUBWAY
2. nóvember 2018
Alþjóðlegi samlokudagurinn
Allir í bátana!
2 fyrir 1
Keyptu bát, fáðu annan frían og við gefum
matargjöf til Fjölskylduhjálpar Íslands
Fjölskylduhjálp
Íslands
Sjáumst á
SUBWAY
15% upphæðar af hverjum seldum bát mun fara til fjölskylduhjálpar Íslands í formi matargjafar. Tilboð á aðeins við báta af matseðli.
Gildir ekki með öðrum tilboðum. Gildir aðeins 2. nóvember 2018. Auka álegg ekki innfalið í verði. Subway er skráð vörumerki Subway IP Inc. ©2017 Subway IP Inc.

# Vara við of löngum dögum fyrir dómi

**Aðalmeðferð í máli Thomasar Møller Olsen fór langt fram úr áætluðum tíma í Landsrétti. Skýrslutökur sem áttu að taka þrjá tíma tóku þrefalt lengri tíma. Lögmaður segir sex tíma fullan dagskammt til að dómarar haldi fullri athygli. Engar reglur eru um lengd þinghalda.**

**DÓMSMÁL** Aðalmeðferð í máli Thomasar Møller Olsen sem fram fór í Landsrétti síðastliðinn mánudag tók 12 klukkustundir og 38 mínútur en þinghald stóð frá klukkan 9 að morgni og lauk ekki fyrr en rúmlega hálf tíu sama kvöld.

Samkvæmt dagskrá Landsréttar höfðu verið áætlaðar þrjár klukkustundir fyrir skýrslutökur og sýningu myndefnis og samtals voru fjórar klukkustundir áætlaðar fyrir munnlegan málflutning sækjanda, verjanda og réttargæslumanns aðstandenda.

Skýrslur voru teknar af átta vitnum auk skýrslu sem tekin var af ákærða. Þá voru spiluð nokkur myndbönd, þar af eitt sem var tæpar 40 mínútur. Túlka þurfti stóran hluta þess sem fram fór fyrir ákærða og skýrslutökur fóru langt fram úr þeim tíma sem áætlaður hafði verið í dagskrá réttarins. Skýrslutökunum og spilun myndbanda var ekki lokið fyrr en upp úr klukkan 18 og hafði þinghald þá staðið í níu klukkustundir.

Í stað þess að láta staðar numið þá og færa málflutning til næsta dags óskaði dómsformaður eftir því að reynt yrði að ljúka honum þá um kvöldið. Verjandi ákærða gerði þá athugasemd og sagði skjólstæðing sinn ekkert hafa fengið að borða frekar en aðra viðstadda og var þá fallist á að taka hlé og stóð það í 35 mínútur. Svo var málið flutt af sækjanda, verjanda og réttargæslumanni aðstandenda brotaþola og lauk aðalmeðferðinni kl. 21.38 um kvöldið.



Thomas Møller Olsen sat í tæpar 13 klukkustundir í dómsal Landsréttar á mánudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Ég áttaði mig ekki á hvaða hagræði dómsformaður taldi vera af því að ljúka þessu öllu á einum degi,“ segir Björgvin Jónsson, verjandi Thomasar Møller Olsen, aðspurður.

Gestur Jónsson hæstaréttarlögmaður segist hafa lagt það til í málum sem taka fleiri en einn dag, og almennt fengið jákvæðar undirtektir frá dómurum, að vera ekki með dagskrá sem kalli á fulla athygli í meira en sex tíma á dag. Erfitt sé að halda fullri athygli í lengri tíma en svo. „Sex virkir tímar í réttarhöldum finnst mér vera fullur dagskammtur,“ segir Gestur en lætur þess getið að auðvitað geti komið upp sérstakar aðstæður sem krefjist þess að vikið sé frá slíku viðmiði, til dæmis ef vitni séu á leið af landi brott eða komin langt að til að gefa skýrslu.

Engar sérstakar viðmiðunarreglur hafa verið settar hjá Landsrétti um lengd þinghalda að sögn Björns Bergssonar, skrifstofustjóra réttarins. „Lengd þeirra er ákveðin með hliðsjón af hverju máli fyrir sig, til dæmis hvort betur fer á því að ljúka meðferð þess í einu lagi eða skipta meðferð þess á fleiri daga.“

> **Ég áttaði mig ekki á því hvaða hagræði dómsformaður taldi vera af því að ljúka þessu öllu á einum degi.**
>
> Björgvin Jónsson, verjandi Thomasar Møller Olsen

Fréttablaðið óskaði eftir viðtali við dómsformanninn en var synjað með svari frá Landsrétti þess efnis að dómarar veiti ekki viðtöl um meðferð mála eða dóma réttarins.

Fréttablaðið ræddi einnig við Ingibjörgu Þorsteinsdóttur, formann Dómarafélagsins, og Berglindi Svavarsdóttur, formann Lögmannafélagsins, og kannaðist hvorug þeirra við að rætt hefði verið um lengd þinghalda eða setningu reglna þar um á vettvangi félaganna. Mjög sjaldgæft væri að þinghald drægist svona langt fram á kvöld og því ekki verið tilefni til þess fram til þessa. **adalheidur@frettabladid.is**


ER ÍSLAND TILBÚIÐ FYRIR INTERNET HLUTANNA OG 5G?

ÞRIÐJUDAGINN 6. NÓVEMBER 8:30 TIL 10:00
Í HÖFUÐSTÖÐVUM ARION BANKA VIÐ BORGARTÚN



**Á hvaða hátt mun internet hlutanna og 5G breyta daglegu lífi okkar?**
Geta innviðir landsins borið þá miklu byltingu sem boðað hefur verið að fylgi þessari nýju tækni? Svör við þessum hugleiðingum er meðal þess sem verður á boðstólunum á morgunverðarfundi í höfuðstöðvum Arion banka.

Fyrirlesarar verða Daninn Lars Nielsen, einn helsti sérfræðingur Ericsson um 5G, og Halldór Sigurðsson sem er sérfræðingur alþjóðlega ráðgjafarfyrirtækisins McKinsey & Company í fjarskiptamálum.

**Dagskrá**
**8.00** Húsið opnar
**8.30** Dagskrá sett

The impact of IoT & 5G on the digitalization taking place under the umbrella of Industry 4.0
**Lars Nielsen frá Ericsson**

Leiðin að 5G og það sem er framundan fyrir Ísland
**Halldór Sigurðsson frá McKinsey**

Að loknum fyrirlestrum þeirra verða panelumræður með þátttöku Halldórs, Helgu Valfells frá nýsköpunarsjóðnum Crowberry og Kristni Jóni Ólafssyni, sem stýrir Snjallaborgarverkefni Reykjavíkurborgar.
Fundarstjóri er Jón Kaldal blaðamaður.



FORSÍÐA





Air Atlanta leigir út flugvélar til farþegaflutninga og fraktflutninga.

## Hannes hættir sem forstjóri Air Atlanta

Hannes Hilmarsson lætur af störfum sem forstjóri flugfélagsins Air Atlanta um áramótin. Hann tekur við sem stjórnarformaður Air Atlanta og forstjóri Northern Lights Leasing, systurfélags Air Atlanta sem heldur utan um flugvélaflotann, til þess að móta stefnu um endurnýjun flotans.

Hannes, sem hefur gegnt stöðu forstjóra Air Atlanta síðustu tólf ár, staðfestir þetta í samtali við Fréttablaðið en breytingar á yfirstjórn flugfélagsins voru kynntar starfsmönnum í gær. Baldvin Már Hermannsson tekur við keflinu af Hannesi og verður forstjóri Air Atlanta en hann hefur verið framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs flugfélagsins í tíu ár.

Sigurður Magnús Sigurðsson verður framkvæmdastjóri rekstrarsviðs en hann snýr aftur til Air Atlanta eftir að hafa starfað sem framkvæmdastjóri flugrekstrarsviðs WOW air. Þá lætur Stefán Eyjólfsson af störfum sem framkvæmdastjóri rekstrarsviðs og tekur við stöðu framkvæmdastjóra viðskiptaþróunar hjá Northern Lights Leasing.

Hannes segir að kaflaskil séu í uppbyggingu Air Atlanta. „Stóra myndin er að reksturinn er á mjög góðum stað en fram undan er nýr kafli sem felur í sér að eigendur og æðstu stjórnendur leggi meiri áherslu á uppbygginguna en yngri stjórnendur taki við daglegum rekstri,“ segir hann. „Sem stjórnarformaður mun ég áfram hafa yfirsýn yfir reksturinn en áherslurnar færast yfir í að móta stefnu um flugvélaflotann.“

> **Sem stjórnarformaður mun ég áfram hafa yfirsýn yfir reksturinn en áherslurnar færast yfir í að móta stefnu um flugvélaflotann.**
>
> Hannes Hilmarsson, fráfarandi forstjóri Air Atlanta

Í flugvélaflotanum eru tólf Boeing 747-400-vélar og ein Airbus-340-300-vél sem félagið rekur fyrir hönd Air Madagascar en sem áður segir er flotinn undir hatti systurfélagsins Northern Lights Leasing. Hannes segir að nýr kafli feli í sér endurnýjun flotans á komandi árum.

„Það er ekki aðkallandi að endurnýja flotann á þessu ári eða því næsta en við erum að horfa til þess að frá og með árinu 2020 byrji nýrri flugvélagerðir smám saman að koma í stað Boeing 747-vélanna. Endurnýjun á þessum skala krefst mikillar skipulagningar og fjárfestingar,“ segir Hannes. **– tfh**


NÚ ER
ÁSTÆÐA TIL ÞESS
AÐ BROSA...
...ÞVÍ VIÐ GEFUM 25% AFSLÁTT
AF VERÐI ALLRA VÖRUTEGUNDA
AFSLÁTTURINN GILDIR FÖSTUDAG, LAUGARDAG OG SUNNUDAG
Í VERSLUNUM OKKAR Í KRINGLUNNI, SMÁRALIND OG Á GLERÁRTORGI
OG Í GLÆNÝRRI VEFVERSLUN: BODYSHOP.IS
THE BODY SHOP®
KRINGLUNNI • SMÁRALIND • GLERÁRTORGI
www.bodyshop.is












Laufey Helga Guðmundsdóttir afhenti umhverfisráðherra tillögur starfshópsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Starfshópur leggur til plastpokabann 2021

**Gangi tillögur starfshóps um aðgerðaáætlun í plastmálefnum eftir verður notkun einnota plastpoka bönnuð 2021. Lagðar eru til ýmsar tillögur í því skyni að draga úr notkun plasts, bæta endurvinnslu og berjast gegn plastmengun í hafi.**

**UMHVERFISMÁL** „Ég er rosalega ánægð með að það var samhljómur um þessar tillögur. Þetta var stutt og snörp vinna en við vorum að störfum í tvo mánuði. Hópurinn hafði mjög breiða skírskotun og gat þess vegna komið með tillögur á flestum sviðum,“ segir Laufey Helga Guðmundsdóttir, lögfræðingur í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og formaður starfshóps um aðgerðaáætlun í plastmálum.

Hópurinn skilaði tillögum sínum í gær til Guðmundar Inga Guðbrandssonar, umhverfis- og auðlindaráðherra. Alls er 18 tillögur að finna í skýrslu starfshópsins. Þar er meðal annars lagt til að notkun einnota plastpoka verði bönnuð frá 2021.

Tillögurnar eru á þremur meginsviðum en þær miða að því að draga úr notkun plasts, bættri endurvinnslu og aðgerðum gegn plasti í hafi. Ein tillagan er í samræmi við tillögur sem ESB kynnti í maí síðastliðnum og snúa að því að ýmsir einnota hlutir úr plasti verði bannaðir. Þar er um að ræða hluti eins og plaströr, hnífapör úr plasti, plastdiska og eyrnapinna.

Evrópuþingið samþykkti umræddar tillögur nýlega með miklum meirihluta atkvæða. Laufey segir að sá víðtæki stuðningur hafi hjálpað starfshópnum. Hópurinn hafi í raun ekki þurft að tækla þær vörur sem þar er fjallað um sérstaklega.

Laufey segir að starfshópurinn leggi mikla áherslu á að vönduð vinna fari nú í gang. „Við viljum að þessar tillögur verði vel ígrundaðar og kostnaðarmetnar. Eftir það getum við keyrt þetta í gang. Aðgerðaáætlunin er nú komin í umsagnarferli í samráðsgátt stjórnvalda. Það geta allir sent inn ábendingar og athugasemdir og við tökum glöð á móti þeim.“

Tillögurnar eiga ýmist að taka gildi 2020 eða 2021. „Við teljum þetta raunhæfan tímaramma og tíminn fram að gildistöku verður notaður til undirbúnings. Þessar tillögur eru samt bara fyrsta skrefið og það er mikil vinna eftir.“

Í ljósi þess að það sé stefna ríkisstjórnarinnar að ráðast eigi í átak gegn plasti segist Laufey vera bjartsýn á að þessar tillögur verði að veruleika. Þá séu viðhorf almennings jákvæð.

„Nýleg könnun MMR sýnir að meirihluti landsmanna er fylgjandi plastpokabanni. Það er líka frábært að atvinnulífið sé að taka við sér eins og nýleg dæmi sýna. Það rímar vel við okkar tillögur.“

Þá nefnir Laufey sérstaklega tillögu sem snýr að aðstoð við neytendur sem mæta með eigin umbúðir undir keypta matvöru. „Löggjöfin kemur ekki í veg fyrir að fólk komi til dæmis með eigið ílát í fiskbúðina. Þetta er meira spurning um framkvæmdina. Matvælastofnun er að smíða leiðbeiningar fyrir neytendur og söluaðila til að það verði auðveldara fyrir fólk að nota eigin umbúðir.“ **sighvatur@frettabladid.is**

# Framkvæmdastjóri HB Granda neitar að áhöfn togara hafi verið sagt upp

**AKRANES** Skipverjum á Helgu Maríu, AK-16, togara í eigu HB Granda, hefur verið tjáð að þeim verði sagt upp á næstu vikum samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Framkvæmdastjóri HB Granda, segir engan hafa fengið uppsagnarbréf enn þá en framtíðaráform um rekstur skipsins eru óráðin.

Áhöfnin hélt út á þriðjudag til veiða en áður en skipið hélt til veiða var haldinn starfsmannafundur um borð. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var starfsmönnum þar gert ljóst að skipið yrði aflagt á næstu vikum.

Þegar Fréttablaðið náði tali af Ægi Páli Friðbertssyni, framkvæmdastjóra HB Granda, vildi hann ekki kannast við að mönnum hefði verið sagt upp á skipinu og að enginn hafi fengið uppsagnarbréf.

„Af hverju ertu að spyrja? Það hefur engum mér vitanlega verið sagt upp enn þá á Helgu Maríu,“ segir Ægir Páll. Hann staðfesti hins vegar að starfsmannafundurinn hefði átt sér stað þar sem farið hefði verið yfir stöðuna með skipverjum. „Fundurinn á þriðjudaginn snerist um það að Grandi er búinn að taka í notkun á síðasta ári þrjú ný og afkastamikil ísfisksskip og í framhaldi af því munum við skoða rekstur þessa skips sem er elsta skipið í flotanum okkar.“

> **Það er ekki búið að taka ákvörðun um að setja skipið á sölu og ekki búið að taka ákvörðun um hvenær skipið verður stöðvað en framtíðarrekstur þess er til skoðunar. Hvort mönnum verður sagt upp eða ekki mun svo koma á daginn.**
>
> Páll Friðbertsson, framkvæmdastjóri HB Granda

Ægir segir það munu svo koma í ljós hvort sjómönnum verði sagt upp eða ekki. Hann segir það ljóst að ekki sé búið að segja upp nokkrum manni.

„Það er ekki búið að taka ákvörðun um að setja skipið á sölu og ekki búið að taka ákvörðun um hvenær skipið verður stöðvað en framtíðarrekstur þess er til skoðunar. Hvort mönnum verður sagt upp eða ekki mun svo koma á daginn,“ segir Ægir.

HB Grandi sagði einnig upp starfsfólki í vinnslu bæði á Akranesi og á Vopnafirði fyrir örfáum dögum. AFL starfsgreinafélag á Austurlandi sendi vegna þessa frá sér yfirlýsingu og harmaði uppsagnirnar eystra. Þar hafi flestir sem misst hafa vinnuna verið íbúar Bakkafjarðar af erlendu bergi brotnir. **– sa**


MYLLU
Jólatertur
Gríptu eina!
eða allar 4 - strax í dag
MYLLAN
JÓLATERTA
HVÍT MEÐ RABARBARASULTU
Nettóþyngd: 520 g
með sultu og kremi
með sveskjusultu
með kremi
með rabarbarasultu
Bragðaðu þær allar
- kauptu Myllu Jólatertur
MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ



Friedrich Merz. NORDICPHOTOS/AFP

## Merz líklegur arftaki Merkel

**ÞÝSKALAND** Flestir meðlimir Kristilegra demókrata í Þýskalandi vilja að markaðshyggjumaðurinn Friedrich Merz verði næsti formaður flokksins. Angela Merkel, kanslari og núverandi formaður, hefur tilkynnt um að hún sækist hvorki eftir endurkjöri til formanns né kanslara. Hún mun láta af störfum kanslara í 2021 og formanns í desember. Þá ákvörðun tók kanslarinn í kjölfar slæms gengis flokksins í kosningum.

Stuðningur við Merz mældist 23 prósent í könnun sem Handelsblatt birti í gær og YouGov framkvæmdi. Þá lýstu sautján prósent yfir stuðningi við Annegret Kramp-Karrenbauer, ritara flokksins sem hefur fengið viðurnefnið „Mini-Merkel“ vegna nándar sinnar við kanslarann. Jens Spahn heilbrigðisráðherra mældist svo með sjö prósent.

Merz er gamall andstæðingur Merkel og hefur áður reynt að hirða formennskuna. Hann sat á þingi frá 1994 til ársins 2009, á Evrópuþinginu frá 1989 til 1994 og var þingflokksformaður Kristilegra demókrata á þýska sambandsþinginu frá 2000 til 2002. – þea

# Nærri 60 þúsund farist á flótta

**Associated Press rannsakaði fjölda látinna flóttamanna og náði að nærri tvöfalda tölfræðina sem Sameinuðu þjóðirnar hafa birt. Flestir hafa farist á Miðjarðarhafi eða í Evrópu. Alls um 30 þúsund.**

**FLÓTTAMENN** Að minnsta kosti 56.800 flóttamenn hafa farist eða horfið sporlaust frá árinu 2014. Þetta segir í umfjöllun sem AP birti í gær og byggir á umfangsmikilli rannsóknarvinnu. Talan er sögð nærri tvöfalt hærri en sambærileg tölfræði sem flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna hefur birt. Síðast þegar stofnunin kynnti sína tölfræði, í byrjun október, stóð tala þeirra í 28.500.

„AP fann 28.300 látin og týnd til viðbótar með því að safna saman upplýsingum frá alþjóðlegum samtökum, með því að krefjast krufningarskýrslna, lögregluskýrslna fyrir týnt fólk, andlátsskýrslna og með því að fara yfir þær upplýsingar sem komu í ljós eftir þúsundir viðtala við flóttamenn,“ sagði í umfjöllun miðilsins í gær.

Þessi háa tala látinna er sögð stafa af því að flóttafólki hefur fjölgað um helming frá aldamótum. Alls voru 258 milljónir á flótta utan heimalandsins á síðasta ári, að því er kom fram í skýrslu Sameinuðu þjóðanna.



Ótrúlegur fjöldi flóttafólks hefur farist á leiðinni yfir Miðjarðarhafið frá Afríku eða Mið-Austurlöndum. NORDICPHOTOS/AFP

**30**

**þúsund flóttamenn hafa farist á Miðjarðarhafi eða í Evrópu undanfarin fjögur ár, hið minnsta.**

Fjölmargir flóttamenn hafa drukknað, dáið á vergangi í eyðimörkum eða orðið mansalshringjum að bráð. Þess er til að mynda vert að minnast að um 800 fórust á Miðjarðarhafi árið 2015, rétt undan ströndum Ítalíu, í mannskæðasta slysi sinnar tegundar.

Að mati blaðamanna AP er talan þó trúlega enn of lág. Ástæðan er sú að í eyðimörkum eða á hafsbotni er líklega fjöldi látinna enn ófundinn. Þá tilkynna fjölskyldur ekki alltaf um að vandamenn hafi týnst af ótta við að yfirvöld komist að því að fjölskyldan sé í viðkomandi landi ólöglega.

Samkvæmt tölfræði Sameinuðu þjóðanna hefur 5.531 farist í Afríku frá árinu 2014, 17.475 á Miðjarðarhafi eða í Evrópu, 414 í Rómönsku Ameríku, 2.763 í Asíu og 2.396 í Bandaríkjunum og Mexíkó. Ofan á þessar tölur bætir AP 12.900 við í Afríku, 4.800 á Miðjarðarhafi og í Evrópu, 3.400 í Rómönsku Ameríku, 5.400 í Asíu og 1.500 í Bandaríkjunum og Mexíkó. thorgnyr@frettabladid.is



# Starfsmönnum Google var ofboðið

**Efnt var til mótmæla á skrifstofum Google víða um heim í gær og gengu starfsmenn út af vinnustaðnum vegna kerfisbundinna kynþáttafordóma og kynbundins ofbeldis. Starfsfólk krefst umbóta en yfirhylming með brotum stjórnanda var kornið sem fyllti mælinn.**

**TÆKNI** Starfsmenn Google víða um heim lögðu niður störf í gær til þess að mótmæla kynferðislegri áreitni og ofbeldi á vinnustaðnum. Starfsmenn í til að mynda Kaliforníu, Sviss, Bretlandi, Írlandi, Japan, Þýskalandi og Singapúr gengu út af vinnustaðnum í mótmælaskyni og söfnuðust saman fyrir utan skrifstofur fyrirtækisins.

Að því er kemur fram í fréttatilkynningu aðstandenda þessara mótmæla, er kallast #GoogleWalkout, var ákvörðunin tekin eftir að The New York Times birti umfjöllun um að æðstu stjórnendur fyrirtækisins hafi hylmt yfir brot Andys Rubin, mannsins á bak við Android stýrikerfið sem er sakaður um að þvinga konu til munnmaka árið 2013.

Larry Page, sem var forstjóri Google árið 2014, krafðist afsagnar Rubins eftir að fyrirtækið hafði rannsakað ásakanirnar og komist að því að þær væru trúverðugar. Hins vegar var ekki minnst á þær þegar tilkynnt var um starfslok Rubins og fékk Android-maðurinn níutíu milljóna dala starfslokasamning. Að auki kom fram í umfjöllun blaðsins að Rubin sé einn þriggja stjórnenda sem Google hefur hylmt yfir með vegna ásakana um kynferðislega áreitni eða ofbeldi.

En fyrir hverja sögu sem birtist í New York Times eru þúsundir til viðbótar á öllum sviðum fyrirtækisins, að því er kemur fram í tilkynningunni. „Margar þeirra eru ósagðar. Við erum hluti af ört stækkandi hreyfingu og ætlum ekki að láta svona viðgangast lengur.“

Aðstandendur sögðu að meint brot Rubins væru hluti af langvarandi mynstri sem væri svo stutt af kerfisbundnum kynþáttafordómum. „Eins og sést á umfjölluninni og svörum stjórnenda þá teygir vandinn sig alveg upp á topp. Þótt Google hafi orðið tíðrætt um fjölbreytni og fjölmenningu hefur lítið verið gert til þess að vinna gegn kerfisbundnum kynþáttafordómum og kynbundnu ofbeldi eða stuðla að fjölbreytni á vinnustaðnum. NÚ ER NÓG KOMIÐ.“

Mótmælendur settu fram kröfur í fimm liðum. Í fyrsta lagi að hætta að neyða þolendur til að leysa öll mál innan fyrirtækisins með bindandi hætti og að heimila þolendum að taka með sér samstarfsmann á fundi með mannauðsstjóra, í öðru lagi að fyrirtækið skuldbindi sig til þess að útrýma launamun kynja og kynþátta, í þriðja lagi að fyrirtækið láti gera gegnsæja skýrslu um kynferðisofbeldi og áreitni, í fjórða lagi að fyrirtækið skapi skýra og samhæfða verkferla um hvernig á að tilkynna brot og í fimmta lagi að gera yfirmann fjölbreytni hjá fyrirtækinu að beinum undirmanni forstjórans.

Sundar Pichai, forstjóri Google, sagði við starfsmenn að hann styddi rétt þeirra til mótmæla. „Ég skil reiðina og vonbrigðin sem þið finnið mörg fyrir. Ég finn fyrir þessu sama og er staðráðinn í því að ná raunverulegum árangri í því að vinna gegn þessu langlífa samfélagsmeini sem hrjáir okkur hér hjá Google einnig,“ hafði BBC eftir tölvupósti sem Pichai sendi öllum starfsmönnum.

thorgnyr@frettabladid.is




**Starfsfólk gekk meðal annars út af vinnustaðnum í Sviss, Japan, Bretlandi og í Bandaríkjunum.** NORDICPHOTOS/AFP

## Besti vinnustaðurinn?

Tíðindi gærdagsins eru ef til vill óvænt í ljósi þess að Google hefur ítrekað verið útnefnt fyrirtækið sem best er að vinna fyrir og fyrirtækið með bestu vinnustaðamenninguna.

Árið 2017 var Google til að mynda í efsta sæti á listum bæði Forbes og LinkedIn yfir bestu fyrirtækin til að vinna fyrir og hafði verið með toppsætið í sex ár þar á undan hjá Forbes.

Í fyrra útnefndi Comparably svo vinnustaðamenningu Google þá bestu í tæknigeiranum. Og þrátt fyrir að fyrirtækið hafi ekki haldið toppsætinu hjá LinkedIn og Forbes í ár er það enn ofarlega á lista. Í fimmta sæti hjá Forbes, öðru hjá LinkedIn.



Tilboð gilda út 4. nóvember

# NÝBAKAÐIR Á HVERJUM DEGI

BAKARÍIÐ



## Nýbakaðir kanilsnúðar að amerískum sið

**279** kr/stk

BAKARÍIÐ



### Steinbakað súrdeigsbrauð

Steinbakað eftir aldargamalli franskri hefð, deigið er látið hefast í 24 tíma fyrir bakstur

**849** kr/stk




### Ghirardelli

Bestu smákökurnar eiga skilið besta súkkulaðið

**899** kr/pk




### Love Chrunch

Granóla eins og það gerist best

**599** kr/pk




### Llanllyr Source

Ginger Beer, Fiery Ginger Beer og Tonic

**199** kr/stk




### Fumagalli parmaskinka

Ítölsk gæðavara. Lífræna línan

**899** kr/pk

Franskt




### Franskir Camembert ostar

Sælkera ostar á veisluborðið

verð frá **699** kr/pk

# *Meira* svona *alla daga*

15% afsláttur

100% HREIN AFURÐ



Ferskar tortillur



Holta

**Maria and Ricardo´s tortillur**

10 tegundir af ferskum tortillum,
3 mismunandi stæðir

verð frá **449** kr/stk

**Kjúklingabringur**

**2.039** kr/kg

Verð áður 2.399 kr/kg

**Avocado**

Fullþroskað

**1.199** kr/kg




15% afsláttur

**Ferskur kjúklingur**

**764** kr/kg

Verð áður 899 kr/kg




30% afsláttur

**Lamba innralæri**

**3.149** kr/kg

Verð áður 4.499 kr/kg




15% afsláttur

**Nautalundir**

**5.949** kr/kg

Verð áður 6.999 kr/kg

**HAGKAUP** *Meira* svona *alla daga*

# Skaðinn skeður



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Peningastefnunefnd Seðlabankans er vandi á höndum. Við aðrar og eðlilegri aðstæður, þar sem útlit væri fyrir kjarasamninga sem myndu styðja við stöðugleika og auka líkur á mjúkri lendingu, væri útilokað að vextir yrðu hækkaðir. Staðan í dag er því miður allt önnur. Ástæður þessa eru flestum vel kunnar. Óvissa á vinnumarkaði hefur aukist til muna eftir að stærstu stéttarfélögin opinberuðu kröfugerðir sínar sem myndu, næðu þær fram að ganga, hækka launakostnað fyrirtækja um meira en 100 prósent. Afleiðingarnar eftir að þessar glórulausu kröfur voru settar fram, sem eru sagðar „hófsamar“ og „ábyrgar“, hafa verið fyrirsjáanlegar og birtast ekki hvað síst í því að gengi krónunnar hefur gefið mjög eftir á skömmum tíma og verðbólguvæntingar hafa í kjölfarið rokið upp. Tímabil verðstöðugleika er að renna sitt skeið á enda og fátt virðist geta komið í veg fyrir að verðbólgan verði komin vel upp fyrir fjögur prósent um mitt næsta ár.

Flestir greinendur gera því ráð fyrir því að vextir Seðlabankans verði hækkaðir þegar peningastefnunefndin kemur saman næstkomandi miðvikudag. Slík vaxtahækkun, sem verður þá í boði leiðtoga helstu verkalýðshreyfinga landsins, mun koma á afar slæmum tíma núna þegar hagkerfið er að kólna mun meira og hraðar en fyrri spár gerðu ráð fyrir. Ef Seðlabankinn væri með nægjanlega mikinn trúverðugleika, þar sem hann gæti horft fram hjá hækkandi verðbólguvæntingum til skamms tíma, væru líkur á vaxtahækkun eflaust mun minni. Svo er hins vegar ekki heldur hefur lítil og stöðug verðbólga síðustu ára fremur grundvallast á sterku gengi krónunnar og hagstæðum ytri aðstæðum. Sá valkostur að gera ekki neitt er þess vegna líklega ekki í boði heldur er spurningin aðeins hvort nefndin muni samhliða vaxtahækkun stíga löngu tímabært skref og samþykkja að losa um innflæðishöft á fjárfestingar erlendra aðila í skuldabréfum.

Hafi verið rök fyrir því að setja á innflæðishöft á sínum tíma þá eiga þau alls ekki lengur við í dag. Vaxtamunur við útlönd, einkum gagnvart Bandaríkjunum, hefur snarminnkað og gengið hefur hríðfallið. Röksemdir seðlabankastjóra um að afnám haftanna gæti leitt til mikillar gengisstyrkingar sem aftur gæti valdið skaða og óvissu halda ekki lengur vatni. Öllum má vera ljóst að hætta á ofrisi krónunnar við núverandi aðstæður er hverfandi. Hættan er hins vegar sú að þótt losað verði um höftin þá verði þær breytingar of litlar og gangi of skammt. Skaðinn er um margt skeður, sem endurspeglast í hækkandi áhættuálagi á Ísland, og því er ólíklegt að innflæði fjármagns muni aukast til muna. Það er áhyggjuefni. Fjármagn til fyrirtækja er nú af skornum skammti og Ísland þarf nauðsynlega á erlendum fjárfestum að halda til að standa undir hagvexti á komandi árum.

Væntanleg vaxtahækkun Seðlabankans ætti að vera áminning um hvað skiptir hagsmuni meginþorra almennings mestu máli. Stöðugleiki og lægri vextir. Sökum sterkrar stöðu þjóðarbúsins hafa vextir lækkað verulega á undanförnum árum – vextir á húsnæðislánum hafa þannig aldrei verið lægri – og margt hefur bent til að Ísland gæti, ef rétt væri haldið á spilunum, farið að þokast í átt til þess að vera líkara lágvaxtalöndum. Sá málflutningur sem við heyrum frá nýjum forystumönnum verkalýðshreyfingarinnar hefur hins vegar sett af stað atburðarás sem mun að óbreyttu leiða til hans gagnstæða. Þeir sem munu borga reikninginn fyrir þetta rugl eru venjulegt íslenskt launafólk.

**Væntanleg vaxtahækkun Seðlabankans ætti að vera áminning um hvað skiptir hagsmuni meginþorra almennings mestu máli.**

## Halldór




FAÐMI ÞIG LJÓSIÐ

Háteigskirkja



Háteigskirkja laugardaginn
3. nóvember kl. 17

Dagskrá tileinkuð
minningu látinna

Kordía, kór Háteigskirkju
Einsöngvarar úr röðum
kórfélaga
Stjórnandi: Guðný Einarsdóttir

Lestur:
Sr. Helga Soffía Konráðsdóttir

Gestum er velkomið að
tendra ljós til minningar um
látna ástvini

Aðgangur ókeypis

## Frá degi til dags

**Plastofurefli**

**Samráðsvettvangur um aðgerðaáætlun í plastmálefnum skilaði í gær Guðmundi Inga Guðbrandssyni, umhverfis- og auðlindaráðherra, tillögu að aðgerðaáætlun um hvernig draga má úr notkun plasts. Áætlunin felur meðal annars í sér bann við plastdiskum, plasthnífapörum og öðru einnota plasti. Góðu heilli virðast margnota plastumslög enn njóta friðhelgi. Annars þyrftu spekingar samráðsvettvangsins að líta sér miklu nær þar sem þeir afhentu ráðherranum tillögur sínar í slíku umslagi, sem verður vonandi endurnýtt oft og vandlega í ráðuneyti umhverfismála.**

**Framsóknarflóttinn**

**Ótti einhverra frumherja úr innsta hring Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar í Miðflokknum við að Gunnar Bragi Sveinsson sé að reyna að auka áhrif sín í flokknum með millifærslum á gömlum félögum úr Framsókn kann að eiga sér saklausari skýringar. Þannig var Gunnar Bragi ekki einráður þegar þeim Fjólu Hrund Björnsdóttur og Írisi Kristínu Óttarsdóttur voru falin launuð trúnaðarstörf fyrir flokkinn. Ráðningarnefnd komst að þeirri niðurstöðu sem hlaut blessun Sigmundar Davíðs. Þá þykir full vel í lagt að skrifa flótta úr Framsókn alfarið á hann þótt hann sé slyngur pólitíkus. Frumforsenduna hljóti að vera að finna á hinum endanum**

thorarinn@frettabladid.is

# Plastmálin í forgangi



Guðmundur Ingi Guðbrandsson
umhverfis- og auðlindaráðherra

Plastumbúðirnar utan af Ömmupitsunni sem ég borðaði í sveitinni einn laugardag í bernsku minni gætu á þessari stundu verið syndandi um heimsins höf sem plastþræðir í sjávarlífverum. Þær gætu líka hreinlega legið í einhverri fjörunni eða verið búnar að leysast upp í litlar plastagnir, svokallað örplast, og flotið í sjónum sem slíkar.

Plast getur haft ótvíræða kosti en of mikil notkun þess snýst upp í andhverfu sína. Plast er í ofanálag í stórum stíl einnota – hent eftir eina notkun. Þetta eru plastbollar sem drukkið var úr í fimm mínútur, matarumbúðir sem enduðu beint í ruslinu, plastpokar sem fóru í eina búðarferð. Nokkurra mínútna neysla þýðir plastúrgang sem gæti enn verið til eftir 100 ár og raunar miklu lengur. Til að framleiða allt þetta plast þarf olíu og plastið sjálft getur síðan verið skaðlegt fyrir lífríki Jarðar.

Plastmálin eru eitt af forgangsmálum mínum sem umhverfis- og auðlindaráðherra. Í sumar skipaði ég starfshóp sem falið var að vinna tillögu að plastaðgerðaáætlun og í honum voru fulltrúar atvinnulífs, sveitarfélaga, félagasamtaka, opinberra stofnana, Alþingis, ráðuneyta og fleiri. Hópurinn skilaði tillögum sínum í gær, alls 18 talsins. Um er að ræða blöndu af hagrænum hvötum, banni, fræðslu og nýsköpun. Tillögurnar eru fjölbreyttar og fagna ég þeim.

Meðal þess sem lagt er til er bann bæði við burðarplastpokum í verslunum og ákveðnum tegundum af einnota plasti, s.s. plastdiskum og plasthnífapörum, þar sem til eru aðrar vistvænni lausnir. Einnig sem dæmi að ráðist verði í markvissa vitundarvakningu um ofnotkun á plasti, leidd verði í lög skylda rekstraraðila og sveitarfélaga til að flokka úrgang og stutt verði við nýjar lausnir sem komið geti í stað plasts. Tillögurnar fara nú í opið samráð og geta öll þau sem vilja gert athugasemdir við þær í Samráðsgátt stjórnvalda á netinu.

Ef fram heldur sem horfir verður árið 2050 meira plast í hafinu en fiskar. Þessu verðum við að breyta og þora að taka stór skref.

**Ef fram heldur sem horfir verður árið 2050 meira plast í hafinu en fiskar. Þessu verðum við að breyta og þora að taka stór skref.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Fólk

Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 2. NÓVEMBER 2018

# Hættir á toppnum

Eftir 36 ár í loftinu hefur flugfreyjan og fyrirsætan Brynja Nordquist tekið ofan flugfreyjuhattinn. Hún er nýgift og á leið í óvissuferð um rómantískar spænskar sveitir með ástinni sinni. →2



Á 36 ára ferli sínum sem flugfreyja hefur Brynja aldrei lent í háska í háloftunum. Hún segist viss um að yfir henni sé haldið verndarhendi. MYND/ERNIR



**Unnur Birna Björnsdóttir tónlistarkona spilar á Airwaves, vinnur að plötu og gefur þess á milli villköttum í Hveragerði. Í desember syngur hún um allt land í jólatónleikaröðinni Jólin til þín.** →4



Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Framhald af forsíðu ➪



Brynja fékk höfðinglegar móttökur þegar hún var kvödd eftir síðasta flug sitt sem flugfreyja frá New York þann 17. október síðastliðinn. Hér er hún með áhöfninni sem vann með henni í síðasta fluginu.

Á ég ekki að nota sama frasa og íþróttafólkið, að hætta á toppnum,“ segir Brynja sem fór í sitt síðasta flug mánudaginn 17. október.

„Ég er orðin 65 ára og fannst tímabært að hætta. Ég er fullfrísk en búin að fá nóg af hótellífi, ferðatöskum og labbi yfir risastóra flugvelli oft í viku í 36 ár. Ég er búin að fara í hnjáskiptaaðgerð á báðum hnjám en ég finn ekki fyrir neinu. Ég vildi bara hætta með reisn á meðan ég gat það,“ segir Brynja sem árið 1979 sótti um sumarstarf hjá Icelandair, sem í þá daga hét Loftleiðir.

„Draumurinn var alltaf að starfa sem ballettdansari,“ segir Brynja sem lærði ballett í Listdansskóla Þjóðleikhússins og kenndi dans í Dansskóla Hermanns Ragnarssonar. „Ég var svo í vinnu hjá tískublaðinu Líf þegar ég sá auglýsingu frá Loftleiðum og þótti spennandi að sækja um. Ásókn í flugfreyjustarfið var jafn mikil og hún er í dag og þegar ég komst inn var sagt í Helgarpóstinum að módelskvísa úr Módel 79 hefði fengið starfið í gegnum klíku. En ég stóð mig vel í inntökuprófinu og mundi segja að ég hafi verið rétta manneskjan í starfið. Þegar ég lít til baka er ég sannfærð um að ég hafi bara staðið mig ansi vel og ég fékk bæði hrós og falleg bréf frá farþegum.“

## Villingur í Lundúnum

Brynja stundaði dansnám í Lundúnum um tveggja ára bil en flosnaði upp úr náminu.

„Það gerðist eitthvað, mig langaði allt í einu ekki til að dansa og annað tók við. Ég gerðist villingur, fór að hanga innan um „hipp og kúl“ liðið í London og nennti þessum dansskóla ekki lengur. Ég átti yndislega foreldra sem treystu mér en hefði getað lent í veseni og tel mig heppna að hafa fetað rétta braut,“ segir Brynja sem setti tappann í flöskuna fyrir fjórum árum.

„Mér fannst ég vera farin að nota áfengi of mikið. Ég var alltaf til í að fá mér í glas ef einhver annar var til. Einn daginn fannst mér bara vera komið nóg og vildi hætta þessu. Mig langaði að vakna glöð og jákvæð á morgnana í stað þess að vera kvíðin og illa fyrirkölluð.“

Brynja segist ekki geta svarið fyrir að áfengisnotkunin hafi fylgt flugfreyjustarfinu.

„Vínið kom reyndar aldrei niður á vinnunni en ég var orðin þreytt á kvíðanum sem fylgdi því að fá sér oftar og oftar í glas og leita jafnvel að tilefnum til að fá mér vín. Í mínu tilfelli held ég að óreglulegur vinnutími hafi ýtt undir þetta. Það verða oftar tilefni til að fá sér drykk, annaðhvort eftir langt flug eða eftir erfiða vinnutörn. Ég fór að sjá að ég var oftar með glas í hendi en edrú og hugsaði með mér: Ég þarf ekki vín til að vera hress, njóta lífsins og hafa gaman. Ég er orkumikil og alltaf á útopnu og meira að segja vinir mínir á Snappinu segjast verða uppgefnir á að fylgjast með mér,“ segir Brynja og skellihlær.

## Alls ekkert glamúrlíf

Þegar Brynja sótti um flugfreyjustarf árið 1979 var aldurshámarkið 26 ár.

„Ég var akkúrat á þeim aldri og hugsaði með mér að nú væri að duga eða drepast að komast inn. Í gamla daga máttu flugfreyjur ekki heldur vera giftar en í dag geta harðgiftar ömmur sótt um flugfreyjustarfið. Breytingar eru örar í þessu starfi á öllum sviðum. Að vera flugfreyja er mikil keyrsla og vegna gífurlegrar aukningar flugframboðs og fjölgunar flugvéla þarf maður sífellt að keppast við að gera enn betur við farþegann. Við það leggst enn meiri vinna á hverja flugfreyju,“ útskýrir Brynja.

Í bankahruninu var svo fækkað um eina flugfreyju í hverri áhöfn. Áður voru þær fimm en nú eru þær fjórar. Það segir Brynja að hafi aukið álagið til muna.

„Margir telja flugfreyjustarfið umvafið glamúr en sá orðrómur fylgdi sennilega gömlu dögunum þegar Íslendingar fóru sjaldnar til útlanda,“ segir Brynja. „Það er enginn glamúr að vera flugfreyja í dag. Maður skríður á gólfum til að þrífa upp ælu og er allt í senn; öryggisvörður, þjónustukona og sjúkraliði. Það er líka hörkuvinna að standa upp á endann og labba fram og aftur tímunum saman í þessu röri sem flugvél er. En að hitta 180 til 240 farþega krefst þess að hafa einbeitinguna í lagi, ríka þjónustulund, jákvætt viðmót og að sjálfsögðu að vera snyrtilegur. Allt snýst það um virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.“

## Kvíðir því ekki að deyja

Brynja kveðst hætta sátt.

„Því fylgir auðvitað tregi að kveðja samstarfsfólkið og upplifa að nú sé þetta vinnutímabil ævinnar á enda, en við tekur nýtt tímabil og ný ævintýr. Ég er spennt fyrir framtíðinni og kvíði því ekki að deyja en það er undarleg tilfinning að sjá allt yndislega fólkið sem hefur fylgt manni í gegnum lífið eldast, og vitaskuld gerir maður það sjálfur. Sonur minn segir stundum að ég sé orðin hæg og ég veit það vel, enda eðlilegur hluti af því að eldast,“ segir Brynja.

Hún hafði upphaflega ætlað sér að vinna til 67 ára aldurs.

„Ég var í fullu starfi til ársins 2008 þegar flugfreyjur voru beðnar að lækka starfshlutfallið vegna hrunsins svo að fleiri flugliðar héldu vinnunni. Þá fór ég í 67 prósent starf og fannst ég hafa meiri tíma til að uppgötva lífið fyrir utan rörið. Ég ákvað því að hætta 65 ára og njóta lífsins með fjölskyldu og vinum. Svo er ég ekki endilega hætt að vinna því hver veit nema ég taki að mér einhver skemmtileg störf?“ segir Brynja kát og lífsglöð.

„Ég lifi þokkalega heilbrigðu lífi en borða sælgæti út í eitt. Elska Staur og fleira slikkerí, ósköp hversdagslegan mat og er ekki á neinu sérstöku hollustufæði,“ segir Brynja sem er annáluð fegurðardís og síung í útliti.

„Fegurðin kemur innan frá og jákvæðni gerir fólk fallegt. Sumir eru óhamingjusamir og bera þess merki. Ég er þakklát góðum genum foreldra minna sem bæði voru gott fólk og myndarlegt með fallega húð. Útlitið hefur samt svo lítið að segja. Það er hugur og hjarta sem skiptir máli og innrætið sem skín í gegn.“

Brynja er ein fárra sem geta málað sig án þess að nota spegil.

„Ég set á mig meik, varalit og maskara en mála mig ekki mikið utan þess. Mamma bar á mig Nivea-krem þegar ég var lítil, og ég nota enn Nivea-hreinsivörur til að þvo af mér farðann, en á andlitið set ég Eucerin-rakakrem sem kostar 990 krónur. Ég fer aldrei úr húsi ómáluð og aldrei í sund því mér dettur ekki í hug að einhver sjái mig með blautt hárið eða ótilhafða. Ég er svolítið mikið pjöttuð.“

## Líklega svolítið skrýtin

Brynja gekk að eiga Þórhall Gunnarsson, leikara, sjónvarpsmann og framleiðanda hjá Saga Film, fyrr á þessu ári en þau höfðu þá verið kærustupar í 24 ár.

„Við erum á leið í síðbúna brúðkaupsferð til Spánar. Við fórum á ferðaskrifstofuna Úrval Útsýn og báðum þau að útbúa fyrir okkur tveggja vikna óvissuferð. Það eina sem við vitum er að við lendum á Spáni 7. nóvember og þaðan fáum við svo leiðbeiningar um hvert skal halda og þannig verður óvissa og ævintýri hlutskipti okkar í tvær vikur. Við skiptum um áfangastað á tveggja til þriggja daga fresti og fáum upplýsingar um nýjan stað kvöldið áður. Okkur langar að allt komi okkur á óvart í ferðinni, nýir bæir eða þorp, fólkið, mannlífið og veitingastaðir. Við viljum uppgötva þá sjálf í stað þess að „gúgla“ þá eða lesa ferðabæklinga,“ segir Brynja, full tilhlökkunar.

Þau Brynja og Þórhallur verða á Instagram undir hennar nafni og á heimasíðunni twoofus.me.

„Þar getur fólk fylgst með og hugsað með sér: „Djöfull eru þið klikkuð“, en líklega erum við svolítið skrýtin. Við hlökkum mikið til að láta koma okkur á óvart og það besta við að fara bara tvö er að þá þarf ekkert pjatt. Það verður nóg að taka með sér eitt sparidress, strigaskó og jogginggalla,“ segir Brynja og hlær.

Þau Þórhallur fara líka reglulega til Svíþjóðar að heimsækja Gunni, dóttur Þórhalls og stjúpdóttur Brynju, en hún og Gulli eiginmaður hennar eiga tvö börn, Tinnu Vigdísi 7 ára og Þór 3ja ára.

„Ömmuhlutverkið er dásamlegt og nú hef ég loksins meiri tíma fyrir litlu krúttin. Ég á líka besta ömmustrák í heimi sem fékk nafnið mitt, Oliver Nordquist, og dvelur mikið hjá okkur. Ég á líka í yndislegu samband við mömmu Olivers og fyrrverandi tengdadóttur mína, og fæ stundum að passa litlu strákana hennar sem eru hálfbræður Olivers,“ segir Brynja.

„Ég er dálítið stjórnsöm en á sama tíma held ég að ég sé að passa upp á allt í kringum mig,“ segir Brynja og brosir. „Þórhallur segir að ég sé meðvirkasta kona í heimi, á góðlátan hátt. Oliver á reyndar auðvelt með að plata mig að sækja sig og keyra því það er ósköp erfitt að segja nei við þennan dreng. Ég vil að hann eigi minningar um ömmu sína sem var hress og góð og sem snappaði og var á Instagram og gerði allt skemmtilegt með honum,“ segir Brynja og lítur yfir farinn veg.

„Efst í huga mér er gleði yfir skemmtilegum stundum en líka sorg og söknuður eftir þeim sem eru farnir. Ég er orðin ein eftir af minni uppvaxtarfjölskyldu, bróðir minn dó 58 ára, pabbi 76 ára en mamma var orðin 94 ára þegar hún kvaddi fyrir þremur árum. Hún var einstaklega lífsglöð og jákvæð og kvartaði aldrei. Ég reyni að temja mér allt það góða frá mömmu til að njóta lífsins sem best.“

BUXNA OG PEYSUDAGAR
15% AFSLÁTTUR AF BUXUM OG PEYSUM



Tískan
Skipholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is
BASLER MaxMara BRAX

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis: Sólveig Gísladóttir**, solveig@frettabladid.is s. 512 5351 | **Elín Albertsdóttir**, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Oddur Freyr Þorsteinsson**, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Brynhildur Björnsdóttir**, brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir**, sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson**, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir**, thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir
**Sölumenn: Arnar Magnússon**, arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, **Atli Bergmann**, atli@frettabladid.is, s. 512 5457, **Jón Ívar Vilhelmsson**, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429,

# Nú mega ljóðin koma!

## Ljóðabækur fyrir alla á lækkuðu verði
## í Bókabúð Máls og menningar




**Tilboð 2.093 kr**
Fullt verð 2.990 kr



**Tilboð 3.913 kr**
Fullt verð 5.590 kr




**Tilboð 3.493 kr**
Fullt verð 4.990 kr




**Tilboð 2.793 kr**
Fullt verð 3.990 kr




**Tilboð 3.493 kr**
Fullt verð 4.990 kr



**Tilboð 2.513 kr**
Fullt verð 3.590 kr




**Tilboð 3.143 kr**
Fullt verð 4.490 kr

# 30%

**afsláttur af ofantöldum titlum til og með 8. nóv**




**Tilboð 4.193 kr**
Fullt verð 5.990 kr



**Tilboð 3.143 kr**
Fullt verð 4.490 kr



**BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR**
LAUGAVEGI 18

Opið alla daga til kl. 22.00
facebook.com/malogmenning

# Með tónlistina í blóðinu

Unnur Birna Björnsdóttir tónlistarkona leikur í Flóttanum frá Nótnaheimum, spilar á Airwaves, vinnur að plötu og gefur villiköttum. Í desember syngur hún í jólatónleikaröðinni Jólin til þín.

Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabladid.is



Tónlistin er Unni í blóð borin. „Pabbi er Bassi í Glóru sem var í hljómsveitinni Mánum. Þau mamma voru alltaf í hljómsveit, spiluðu úti um allt og við systurnar fylgdum með. Ég svaf í hljómborðstöskum á æfingum þegar ég var lítil,“ segir Unnur Birna glettin en hún byrjaði snemma að reyna sig við tónlistina. „Ég byrjaði í kór Snælandsskóla hjá pabba þegar ég var þriggja ára gömul. Fjögurra ára byrjaði ég að læra á píanó og fimm ára á fiðlu.“

Unnur ólst upp fyrir norðan, á Laugum í Suður-Þingeyjarsýslu og á Akureyri. „Pabbi var skólastjóri í tónlistarskólanum og það kom einhvern veginn aldrei neitt annað til greina en að verða tónlistarkona.“ Hún fór í tónlistarskólann á Akureyri og lærði þar klassíska tónlist en var alltaf að spila djass og popp með. „Maður fékk alveg að finna hjá kennurunum að maður væri ekki jafn merkilegur og hinir sem spiluðu bara klassík. En þetta viðhorf er held ég dálítið að breytast.“

## Bakdyramegin inn í leikhúsið

Djassinn stendur Unni nærri. Hún lærði djasssöng og fór í kennaradeildina í FÍH en hún flutti í bæinn árið 2007 til að taka þátt í uppfærslu á Jesus Christ Superstar. Unnur hefur verið töluvert viðriðin leiklistarheiminn þó hún sé sjálf ekki lærð í leiklist. Meðal sýninga sem hún hefur tekið þátt í má nefna Línu Langsokk, Buddy Holly og Jeppa á fjalli. Nýjasta verkefnið er sýningin Flóttinn frá Nótnaheimum eftir Ólaf Reyni Guðmundsson í leikstjórn Björgvins Franz Gíslasonar sem sýnd hefur verið í Hörpu að undanförnu og öllum börnum í 3. bekk í Reykjavík var boðið á. „Ólafur skrifar verkið til að koma tónfræðinni til skila á skemmtilegan hátt.“

## Spilar með Ian Anderson

Unnur semur öll sín lög á píanó og hefur síðustu sjö ár unnið að plötu sem nú er á lokametrunum. „Platan er mikill bræðingur af djassi og poppi og er nokkurs konar mixtape af mínu lífi,“ segir hún en enginn annar en Ian Anderson úr Jethro Tull spilar með henni í einu laginu. „Ég kynntist Ian árið 2009 þegar ég spilaði með honum á tónleikum í Háskólabíói. Við héldum alltaf sambandi og ég hef performað með honum nokkrum sinnum á Íslandi og í Frankfurt,“ lýsir Unnur en hún lék meðal annars kvenhlutverkið í rokkóperunni Jethro Tull sem ferðast hefur um heiminn við góðan orðstír. Unnur tekur óbeinan þátt í hverri sýningu þar sem hún er á upptöku.

## Óþægileg en fyndin þráhyggja

Meðan við ræðum saman hringir leikstjóri þátta sem verið er að gera um áráttuþráhyggju, en Unnur verður viðmælandi. „Ég er svo glöð að geta talað um þetta því ég hef verið í felum svo lengi,“ segir Unnur sem hefur haft röskunina frá unga aldri. „Mamma er með þetta líka þannig að ég hafði mikinn skilning heimafyrir,“ segir hún og tekur dæmi um nokkrar þráhyggjur. „Til dæmis þarf ég að signa alla, sem er mjög erfitt á sviði, sérstaklega þegar fjölskyldan er í salnum. Þá signi ég fólkið mitt með tungunni milli þess sem ég syng og spila. Ég þarf að bera hverja flík sem ég fer í upp að hökunni og um tíma þurfti ég að skella bílhurðinni þrisvar og signa alla mánuði í öllum dagatölum sem ég sá, sem getur verið mjög tímafrekt,“ segir hún og brosir, því þótt kvillinn sé pirrandi gerir hún sér grein fyrir að öðrum þyki hann fyndinn.

„Sjúkleikinn liggur kannski helst í því að maður leitar sér ekki hjálpar því manni finnst þessi hegðun svo heimskuleg og að maður ætti bara að geta hætt sjálfur,“ segir Unnur sem bendir á að þráhyggjan gangi í bylgjum. „Ég finn ekki mikið fyrir henni eftir að ég kynntist kærastanum mínum, Sigurgeiri Skafta Flosasyni. Kannski af því að mér líður svo vel.“

## Kattakona í Hveragerði

Unnur Birna og Sigurgeir búa í Hveragerði. „Mamma og pabbi fluttu hingað 2014 og við fylgdum á eftir. Ég hefði aldrei trúað hversu gott er að búa í Hveragerði. Hér er ekkert stress, allir svo opnir, fullt af veitingastöðum og fólk mætir þegar eitthvað er um að vera. Listalífið er mikið enda búa hér margir listamenn,“ segir Unnur sem gerðist kórstjóri og stjórnar söngsveit Hveragerðis. „Svo bý ég undir hamrinum og get verið komin inn í skóg og upp á hamar á fimm mínútum.“ Á eftir Unni trítla yfirleitt kettirnir hennar þrír. Hún lýsir sér sjálfri sem brjálaðri kattakonu en hún er virk í sjálfboðaliðastarfi Villikatta í bænum.

## Margt á döfinni

Unnur Birna er lítið heima hjá sér fram að jólum enda nóg um að vera. „Ég verð á Airwaves í næstu viku, bæði með Sólstöfum og Sycamore Tree. Ég spila með sinfóníuhljómsveit Austurlands, á jólatónleikum á Hvolsvelli og verð svo á ferðinni um allt land í desember með Eiríki Hauks, Rakel Páls og Regínu Ósk á tónleikaröðinni Jólin til þín.“

Við þetta bætast ýmis gigg en Unnur spilar reglulega með Birni Thoroddsen gítarleikara og Sigurgeiri kærastanum sínum. „Svo er ég í tríóinu Farfuglar með litlu systur minni Dagnýju Höllu Björnsdóttur og Ágústu Evu Erlendsdóttur og svo myndum við systir mín dúettinn Bassadætur.“

> Um tíma þurfti ég að skella bílhurðinni þrisvar og signa alla mánuði í öllum dagatölum sem ég sá, sem getur verið mjög tímafrekt.



Unnur Birna er lítið heima hjá sér fram að jólum enda nóg um að vera. „Ég verð á Airwaves í næstu viku, bæði með Sólstöfum og Sycamore Tree. Ég spila með Sinfóníuhljómsveit Austurlands, á jólatónleikum á Hvolsvelli og verð svo á ferðinni um allt land í desember með Eiríki Hauks, Rakel Páls og Regínu Ósk á tónleikaröðinni Jólin til þín.“ MYND/STEFÁN

Við erum í fararbroddi í göngu- og hlaupagreiningum, greiningarbúnaði, innleggjum, skóm og fylgihlutum

Reynslumesta starfsfólkið í nánu samstarfi við íþróttahreyfinguna og fagfólk í heilbrigðisstétt.



Höfum opnað glæsilega sölusíðu - www.gongugreining.is

EINS OG FÆTUR TOGA
www.gongugreining.is
Orkuhúsinu Suðurlandsbraut 34 Reykjavík og Bæjarlind 4 Kópavogi - Sími 55 77 100



Sérfræðingur frá Jensen verður hjá okkur í dag og á morgun laugardag, 2.-3. nóvember. Fáðu aðstoð við að velja rúmið sem hentar þér.*

**10% afsláttur af öllum pöntunum.**

**Sérfræðingur í heimsókn**

Skoðaðu rúmin okkar áður en þú tekur ákvörðun.

JENSEN

**www.jensen-beds.com**

Skeifan 6 / Harpa / Kringlan /Laugavegur 70 / 5687733 / www.epal.is

epal



- 25 ára ábyrgð á gormakerfi.
- 70 ára reynsla. Skandinavísk hönnun.
- Gæði, ábyrgð og öryggi.
- Hvert rúm er sérsmíðað fyrir þig.

**Stillanlegt rúm,** Ambassador**

**Verð frá:**

**627.800.-**

***Lokadagur til panta rúm fyrir jól er 20. nóvember**
****Aukahlutir gafl, náttborð og lampar eru ekki innifaldir í verði.**



# Geggjuð helgarsósa

Það er fátt betra en góð sósa sem lyftir máltíðinni upp á næsta plan. Um helgar gefst meiri tími til að föndra í eldhúsinu og hér er ein geggjuð sósa sem er frábær með grilluðu og steiktu kjöti og kjúklingi. Hún á einnig vel við með brauði, grænmeti og raunar flestu ef út í það er farið.

**4 msk. smjör, brætt.**
**Safi og börkur af hálfri sítrónu**
**4 hvítlauksgeirar, pressaðir**
**1 msk. Dijon-sinnep**
**Hnífsoddur cayenne-pipar**
**¼ tsk. paprika**
**2 msk. smátt söxuð steinselja**
**1 msk. saxaður graslaukur**
**2 tsk. timjan**
**¼ tsk. chili-flögur**
**Salt og svartur pipar**

Setjið í skál brætt smjörið, sítrónusafann, hvítlaukinn, sinnepið, cayenne-piparinn og paprikuna. Hrærið saman. Bætið út í graslauk, steinselju, chili-flögum og timjani ásamt salti og pipar. Hrærið saman.
Gott er að tvö- eða þrefalda uppskriftina því hún geymist í nokkra daga í kæli og er mjög vinsæl.



# Jólabasar Hringsins á sunnudaginn

Hinn víðfrægi Jólabasar Hringsins verður haldinn á Grand Hóteli Reykjavík sunnudaginn 4. nóvember og hefst kl. 13.00 en í hugum margra markar basarinn upphafið að jólaundirbúningnum. Einstaklega fallegir handgerðir munir verða til sölu að ógleymdri kökusölunni en í boði verða tertur, smákökur og hvers kyns kruðerí. Hringurinn er kvenfélag, stofnað árið 1904, og hefur það að markmiði að vinna að líknar- og mannúðarmálum, sérstaklega í þágu barna. Um áratuga skeið hefur aðalverkefni félagsins verið uppbygging Barnaspítala Hringsins, þar með talin uppbygging Barna- og unglingageðdeildar Landspítala, BUGL. Allur ágóði af basarnum rennur óskiptur í Barnaspítalasjóð Hringsins og öll verkefni félagsins eru unnin af Hringskonum í sjálfboðastarfi.

# Að nota íslensku í tölvum og tækjum

Samhengi tungumáls og tölvutækni verður æ stærri og mikilvægari þáttur í samfélaginu og sumir hafa jafnvel tekið svo djúpt í árinni að segja framtíð íslenskrar tungu hvíla á því hvernig til muni takast að þróa íslenska máltækni.

Vísindafélag Íslands stendur fyrir málþingi í samstarfi við Háskólann í Reykjavík um máltækni á morgun.

Fyrirlesarar verða Eiríkur Rögnvaldsson sem fer yfir helstu áfanga í íslenskri máltækni, Stefanía Halldórsdóttir, formaður stjórnar sjálfseignarstofnunarinnar Almannaróms, kynnir stofnunina, Jón Guðnason, dósent við tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík, fjallar um talgreiningu og Vilhjálmur Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Miðeindar ehf., fjallar um verkefni sem lúta að því að kenna tölvum að „skilja“ texta, þannig að þær geti til dæmis unnið upp úr honum upplýsingar og staðreyndir.

Á eftir verða pallborðsumræður sem Hrafn Loftsson, dósent við Háskólann í Reykjavík, stýrir en hann er einnig fundarstjóri.

Málþingið verður í stofu M105 í HR. Það hefst klukkan 13,30 og því lýkur klukkan 16.

Aðgangur er ókeypis og öllum heimill meðan húsrúm leyfir.



**Það getur skipt sköpun fyrir framgang tungumáls að hægt sé að tala það við tölvur.**




# Smáauglýsingar

512 5800
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Þjónusta

### Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**HÚSAVIÐGERÐIR**
ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI
- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Spádómar

**SÁ SÍMASPÁ Í 844 6845**
Spáir í spil og bolla . Símaspá, Einkaspá. Geymið auglýsinguna. Er á facebook

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

### Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

## Keypt & Selt

### Til sölu

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Þjónusta



Vörubílastöðin Silfri ehf hefur 9 trukka, þar af einn ADR bíl og einn 4 öxla vörubíl og kranabíl.

Grunnar, malarkeyrsla, flatvagnar o.fl.

**Góða þjónusta - vönduð vinna þaulvanir menn - Ávallt gott verð.**

**Silfri ehf - S. 894 9690**




# Ótrúleg verð – komdu og kíktu við!




**Sunlight T 58:**
**Árgerð 2016.** Markísa, hjólagrind, silfurgráar hliðar, álfelgur, 6 gíra, cruise control, , snúningsstólar, loftkæling ofl.ofl. **Ótrúlegt verð, frá: 6.490.000.**




**Sunlight T 64**
**Árgerð 2016.** Markísa, hjólagrind, silfurgráar hliðar, álfelgur, fellirúm í toppi, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gíra, cruise control , snúningsstólar, loftkæling ofl. ofl.
**Ótrúlegt verð, frá: 7.590.000.**




**Sunlight T 67**
**Árgerð 2016.** Markísa, hjólagrind, álfelgur, lestarlúga báðum megin, útdrag á milli rúma, fellirúm í toppi, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gíra, cruise control, snúningsstólar, loftkæling o.fl. o.fl. **Ótrúlegt verð: 7.790.000.**




**Sunlight T 68**
**Árgerð 2016.** Markísa, hjólagrind, lestarlúga báðum megin, útdrag á milli rúma, fellirúm í toppi, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gíra, cruise control, snúningsstólar, loftkæling o.fl. o.fl. **Ótrulegt verð: 7.990.000.**




**Sunlight T 69 L**
**Árgerð 2016.** Markísa, hjólagrind, álfelgur, lestarlúga báðum megin, hjónarúm aðgengilegt beggja vegna, fellirúm í toppi, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gíra, cruise control, snúningsstólar, loftkæling o.fl. o.fl. **Ótrúlegt verð: 8.190.000.**




**Sunlight Cliff 640**
**Árgerð 2018.** FIAT Maxi grindin, 16", markísa, gott geymslu-pláss aftur í, LED lýsing, 12V pressuísskápur, 6 gíra, cruise control, loftkæling, snúningsstólar, bakkskynjarar o.fl. ofl.
**Ótrúlegt verð: 9.350.000.**




**LMC Breezer H 737 G**
**Árgerð 2017.** Markísa, lestarlúga báðum megin, útdrag á milli rúma, fellirúm í toppi, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gíra, cruise control, snúningsstólar, loftkæling, bakkmyndavél o.fl. o.fl. **Ótrúlegt verð: 9.980.000.**




**Dethleffs Trend T 7057 DBM**
**Árgerð 2018.** Markísa, hjólagrind, lestarlúga báðum megin, breið inngangshurð með samlæsingu, rafmagnsdrifið fell-irúm í toppi, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gíra, cruise control, snúningsstólar, loftkæling o.fl. o.fl. **Ótrúlegt verð: 10.890.000.**

**OPIÐ UM HELGINA FRÁ 12-16**

P. KARLSSON EHF.

Birt með fyrirvara um innsláttarvillur

**P. Karlsson ehf | Smiðjuvöllum 5a, 230 Reykjanesbæ |517 5200 | www.pkarlsson.is**

## Heilsa

### Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinna

### Atvinna óskast

**STARFSMENN**
til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma

PROVENTUS
Starfsmannaþjónusta
**551 5000**
proventus@proventus.is
Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is




## Fasteignir



### Ert þú í söluhugleiðingum?

Fasteignaviðskipti snúast oft um aleigu fólks og er því öryggi viðskiptanna augljós. Því ættir þú að velja lögg.fasteignasala af kostgæfni.

Ég sé um allt söluferlið svo og alla samningagerð sem hlýtur að sölu/kaupum.

**Íris Hall lögg.fasteignasali**
**Fasteignasalinn þinn**
s. 695-4500
irishall@fasteignasalan.is

FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is

**FRÉTTABLAÐIÐ.IS**
Stendur undir nafni
FRÉTTABLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ APP FRÉTTABLAÐIÐ.IS

## Tilkynningar

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**Álit Skipulagsstofnunar**

**Ofanflóðavarnir á Patreksfirði, Vesturbyggð. Urðargata, Hólar og Mýrar.**

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Álitið liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitið og matsskýrslu Vesturbyggðar er einnig að finna á vef stofnunarinnar **www.skipulag.is**.

Þú finnur draumastarfið á
Job.is




GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU
Job.is

## Skemmtanir

# CATALINA
CAFÉ • RESTAURANT • SPORTBAR

*Best geymda leyndarmál Kópavogs*

Gullnáman

**BOLTINN Í BEINNI**

LAUGARDAGUR
12:30 Bournemouth - Man.Utd.
15:00 Everton - Brighton
17:30 Arsenal - Liverpool
SUNNUDAGUR
16:00 Chelsea - Crystal Palace

**ATH! FÖSTUDAG KL. 20:59**




**LIFANDI TÓNLIST**



**SMELLUR**
*Spilar fyrir dansi*
FÖSTUDAG & LAUGARDAG
**FRÁ KL. 00.00 - 03.00**

**HAPPY HOUR VIRKA DAGA FRÁ 16-19**

**FRÁBÆR HEIMILISMATUR Í HÁDEGINU**

**SÍMI 554 2166**
HAMRABORG 11 • 200 KÓPAVOGUR
**WWW.CATALINA.IS**

# Hvernig gengur með ritgerðina?

## Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Doktor nokkur í sagnfræði, sem einnig gegnir embætti forseta Íslands, sagði frá því í ávarpi sem hann hélt fyrir frumkvöðla í haust að þegar hann hafi verið í námi þá hafi gilt sú regla í hópi doktorsnema að aldrei mætti spyrja tveggja spurninga. Annars vegar: „Hvernig gengur með ritgerðina?“ og hins vegar „Hvenær ætlarðu að útskrifast?“

**Hvað er langt eftir?**
Margir kannast við að þessar eða sambærilegar spurningar geti verið óþægilegar og pirrandi. „Hvenær ætlarðu að skipta um peru í eldhúsinu?“ „Ætlarðu að hafa svona heitt undir pönnunni?“ „Af hverju notarðu ekki mjólk frekar en vatn í grautinn?“ „Hvað er langt eftir? ... En núna? ... En núna? ... Hvenær verðum við eiginlega komin?“ „Við verðum komin þegar við erum búin að keyra alla leið,“ er hið eina rétta en ófullnægjandi svar. Og fyrir þá sem eru spurðir hvernig gengur með ritgerð sem þeir eru ekki byrjaðir á, er rétta svarið alltaf að segja „Ég er tæplega hálfnaður,“ þekkjandi þann alkunna sannleik að hálfnað er verk þá hafið er.

Þegar fólk vinnur að flóknum og erfiðum verkefnum, eins og að skrifa stóra ritgerð eða blaðagrein, þá hjálpar lítið að þurfa stöðugt að svara fyrir framgang verksins. Flestir humma því svona spurningar fram af sér eða segja „bara ágætlega“ eða jafnvel „allt samkvæmt áætlun“, eða „frábærlega, fram úr björtustu vonum“—en aldrei hef ég vitað um manneskju sem telur mikið gagn í því að spjalla nákvæmlega um stöðuna á verkefninu við einhvern sem ekki tekur beinlínis þátt í því. Samt virðist það vera hálfgert blæti hjá bæði hinu opinbera og stórum fyrirtækjum að vera stöðugt að krefja starfsmenn sína um skýrslur um framgang hinna og þessara mála. Það eru meira að segja starfrækt heilu fyrirtækin sem gera ekki annað en að ráðleggja öðrum fyrirtækjum um hvernig best sé að anda ofan í hálsmál starfsmanna sinna.

Yfirmenn klæða þessa óþörfu hnýsni sína gjarnan í sakleysislegan búning og segja: „Ég treysti þér algjörlega fyrir þessu ... EN ... þú leyfir mér svo að fylgjast með.“ Allir sem hafa unnið lengur en nokkra daga hjá sæmilega stóru fyrirtæki eða opinberri stofnun vita að þetta þýðir í raun: „Ég mun hafa augun á hverju einasta skrefi sem þú stígur og áskil mér rétt til þess að koma með ábendingar og aðfinnslur þegar mér dettur í hug, og fljótlega mun ég krefjast þess að fá sendar reglulegar skýrslur um framgang málsins og afrit af öllum tölvupósti sem þú sendir í tengslum við það.“

**Ferlinu fylgt í þaula**
Þessi eftirlitsmenning getur það vitaskuld af sér að smám saman verður umfjöllun um stöðu mála mikilvægari heldur en málin sjálf. Að geta staðið skil á framgangi verkefna verður mikilvægara heldur en að leysa það. Rétt uppsetning á heimildaskrám verður mikilvægari heldur en gáfulegt (hvað þá frumlegt) innihald í háskólaritgerðum. Það skiptir meira máli að mál fari í réttan farveg heldur en að þau séu leyst. Þetta er sambærilegt við það sjónarmið á sjúkrahúsi að mestu skipti að aðgerðirnar heppnist, ekki að sjúklingarnir lifi af.

Þegar erfið mál koma upp í samskiptum fólks virðist oft mestu skipta að fara eftir viðbragðsáætlunum heldur en að sætta fólk. Enginn vill láta hanka sig á því að hafa brugðist rangt við. Þannig festast mál í formlegum farvegi þar sem alls konar sérfræðingar gera sér mat úr misfellum og mannlegum breyskleikum. Einföldustu mál eru mjólkuð til blóðs áður en gerð er tilraun til að leyfa þeim sem hegða sér eins og fávitar að segja „fyrirgefðu fávitaskapinn í mér“ og þeim sem brotið var á að segja: „ókei, látum þetta slæða og gleymum þessu.“ Allir aðrir þurfa að hafa skoðanir og skipta sér af.

**Að hafa afskipti**
Í lögreglufréttum er gjarnan haft það orðalag að höfð hafi verið afskipti af þessum eða hinum.

Samanber: „Lögregla hafði afskipti af ungu pari sem klifrað hafði yfir girðingu og skellt sér í heitan pott í Vesturbæjarlaug aðfaranótt laugardags.“ Í þessu felst viðurkenning á því að það felist ákveðin innrás í einkalíf fólks að hafa óumbeðið afskipti af því; jafnvel þótt nokkur ástæða kunni að vera til þess. Í afskiptaseminni sjálfri felst ákveðin refsing. Við eigum nefnilega rétt á því sem manneskjur að fá almennt að vera í friði með einkamál okkar ef við viljum, svo lengi sem við brjótum ekki á öðru fólki eða lög og reglur samfélagsins. Við eigum meira að segja rétt á því að biðjast fyrirgefningar og fyrirgefa.

Og við eigum líka helgan rétt til þess að svara út í hött þegar fólk spyr mann óþarfra spurninga, eins og hvernig gangi með ritgerðina eða hvenær skipt verði um peru í eldhúsinu. Dag einn rennur ritgerðin úr prentaranum og dag einn kviknar ljós í eldhúsinu. Þangað til verða engar skýrslur gefnar.




LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | Laugardaga 11–16 | www.forlagid.is

## Greip tækifærið báðum höndum



Spænska ungstirnið Brahim Diaz skoraði bæði mörk leiksins í 2-0 sigri Manchester City á Fulham í enska deildarbikarnum í gærkvöld. Manchester City komst með sigrinum í átta liða úrslit keppninnar. Það eru miklar væntingar gerðar til Diaz í Manchester-borg en þessi nítján ára drengur hefur þurft að bíða lengi eftir tækifærinu en greip það og reyndist hetjan í fyrsta byrjunarliðsleiknum á Etihad-vellinum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hér er stefnt á meistaratitilinn

**Haukur Helgi Pálsson hefur komið sér vel fyrir í úthverfi Parísborgar þar sem hann leikur með franska stórliðinu Nanterre 92. Hann meiddist á nára á undirbúningstímabilinu, en er kominn á fulla ferð á nýjan leik. Liðið stefnir á að verða franskur meistari í þriðja skipti í skammri sögu félagsins.**

**KÖRFUBOLTI** Haukur Helgi Pálsson, landsliðsmaður í körfubolta, færði sig um set milli liða í Frakklandi í sumar. Eftir tvö keppnistímabil hjá Cholet gekk hann til liðs við Nanterre 92 sem staðsett er í úthverfi Parísarborgar. Haukur Helgi reif festingu í náravöðva síðsumars sem setti strik í reikninginn í undirbúningi hans fyrir sitt fyrsta keppnistímabil með liðinu. Hann er hins vegar búinn að ná sér af þeim meiðslum og landið er að rísa bæði hjá honum sem og liðinu sem fór hægt af stað.

„Nárinn er orðinn bara fínn og það er ekkert að plaga mig lengur. Ég fékk að koma mér hægt og rólega inn í hlutina, en hef verið að spila meira og meira með hverjum leiknum. Þá hefur frammistaða mín batnað og ég er í stóru hlutverki í liðinu. Ég spila alla jafna um hálftíma í hverjum leik," segir Haukur Helgi um fyrstu vikurnar hjá nýja liðinu.



Haukur Helgi sækir inn í teig í leik með Nanterre í haust. NORDICPHOTOS/GETTY

„Ég er að spila mest þrist og fjarka hérna, en þetta er lið sem spilar bakvarðabolta. Boltinn gengur hratt á milli manna og það er ekki mikið verið að leita inn í teig á einhvern sem á að ráðast að körfunni þar. Það er mikið frjálsræði innan skipulagsins og mér finnst ég vera að endurupplifa körfuboltann á þann hátt að ég fæ frelsi til þess að spila eins og þegar ég var ungur. Þjálfarinn treystir mér fullkomlega og það er rými til þess að gera mistök," segir hann um hlutverk sitt í liðinu.

„Það er þannig með mína stöðu í liðinu að það er kannski ekki mikið leitað til mín í sóknarleiknum og ég verð að grípa þau tækifæri sem gefast til þess að láta til mín taka. Liðið spilar hraðan og skemmtilegan körfubolta og það hentar mér vel. Ég er oft látinn líka spila fjarka til þess að dekka stóru leikmennina þegar það hentar. Mér líkar mjög vel við

> **Það er mikið frjálsræði og ég er að endurupplifa körfuboltann á nýjan hátt með meira frelsi.**
>
> Haukur Helgi Pálsson

þjálfarann, liðið og leikstílinn," segir landsliðsframherjinn enn fremur um stöðu sinna mála hjá franska liðinu.

„Það er allt annar bragur á öllu hér en hjá Cholet. Hér er ég kominn í lið þar sem stefnan er sett á að berjast um franska meistaratitilinn á hverju ári. Umgjörðin er mun betri hérna og þetta er lið sem hefur alla burði til að berjast um þá titla sem í boði eru heima fyrir. Þetta er tiltölulega nýstofnað lið sem hefur gengið vel síðan það var stofnað," segir hann um félagið sem er stofnað árið 2011 og varð franskur meistari árið 2013. Þá hefur liðið tvisvar sinnum orðið bikarmeistari, árin 2014 og 2017.

„Við erum búnir að vera mjög óheppnir að mínu mati í okkar leikjum í Evrópubikarnum. Við töpuðum á afar svekkjandi hátt í Grikklandi í vikunni þar sem ég var meðal annars í hasarnum undir lokin þar sem ég braut klaufalega af mér þegar við vorum í góðri stöðu. Við getum klárlega unnið öll liðin í riðlinum og ættum að mínu viti að fara upp úr riðlinum ef allt er eðlilegt. Við þurfum hins vegar að fara að komast á sigurbraut þar og ég hef fulla trú á því að við gerum það," segir Haukur Helgi um möguleika liðsins á góðu gengi í Evrópubikarnum, en það fór alla leið í keppninni keppnistímabilið 2016/2017 og fór með sigur af hólmi.

hjorvaro@frettabladid.is

## Nýjast

### Olís-deild karla

**ÍR - FH 26-28**

**ÍR:** Björgvin Þór Hólmgeirsson 10, Kristján Orri Jóhannsson 5, Sveinn Jóhannsson 4, Arnar Freyr Guðmundsson 3, Sturla Ásgeirsson 1, Sveinn Andri Sveinsson 1, Aron Örn Ægisson 1, Pétur Árni Hauksson 1.
**FH:** Ásbjörn Friðriksson 9, Birgir Már Birgisson 6, Einar Rafn Eiðsson 6, Ágúst Birgisson 4, Arnar Freyr Ársælsson 3.

### Dominos-deild karla

**Grindavík - Valur 90-88**

**Stigahæstir:** Lewis Clinch Jr. 24, Ólafur Ólafsson 18, Jordy Kuiper 12, Sigtryggur Arnar Björnsson 12 - Aleks Simeonov 28/12 fráköst, Kendall Anthony Lamont 27, Austin Bracey 10, Oddur Birnir Pétursson 5.

**Stjarnan - Þór Þ. 89-73**

**Stigahæstir:** Paul Anthony Jones 20, Antti Kanervo 16, Collin Anthony Pryor 12, Hlynur Elías Bæringsson 10, Tómas Þórður Hilmarsson 9 - Kinu Rochford 22, Nikolas Tomsick 16, Halldór Garðar Hermannsson 13, Ragnar Örn Bragason 6.

**ÍR - Keflavík 74-94**

**Stigahæstir:** Gerald Robinson 29/15 fráköst, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 14, Sæþór Elmar Kristjánsson 13, Justin Martin 12 - Gunnar Ólafsson 20, Hörður Axel Vilhjálmsson 16, Michael Craion 13, Javier Seco 11, Mantas Mockevicius 11.

**Njarðvík - Haukar 99-89**

**Stigahæstir:** Jeb Ivey 32 Maciek Stanislav Baginski 20, Mario Matasovic 15/14 fráköst, Kristinn Pálsson 13/12 fráköst - Marques Oliver 29/14 fráköst, Kristinn Marinósson 15, Haukur Óskarsson 14, Hilmar Smári Henningsson 11.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Tindastóll | 8 | ÍR | 4 |
| Keflavík | 8 | Grindavík | 4 |
| Njarðvík | 8 | Haukar | 4 |
| Stjarnan | 8 | Breiðablik | 2 |
| KR | 6 | Þór Þorl. | 2 |
| Skallagr. | 4 | Valur | 0 |



Glódís í leik með íslenska landsliðinu í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Tímabilinu lokið hjá Glódísi

**FÓTBOLTI** Rosengård tókst ekki að snúa einvíginu sér í hag í markalausu jafntefli gegn Slavia Prag í 16-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í gær og er því úr leik. Tímabilinu er því lokið hjá Glódísi Perlu Viggósdóttir og liðsfélögum hennar.

Tékkneska liðið leiddi 3-2 eftir fyrri leikinn í Svíþjóð og þrátt fyrir að Rosengård væri meira með boltann og fengi fleiri færi annan leikinn í röð tókst sænska liðinu ekki að skora mörkin sem þær þurftu til.

Tímabilinu er því lokið hjá Glódísi og liðsfélögum hennar en þetta var annað árið í röð sem Rosengård fellur úr leik í 16-liða úrslitunum.

Ísland mun því eiga þrjá fulltrúa í átta liða úrslitunum, Söru Björk Gunnarsdóttur hjá Wolfsburg, Sigríði Láru Garðarsdóttur hjá LSK og Selfyssinginn Maríu Þórisdóttir hjá Chelsea sem kaus að leika fyrir norska landsliðið. – kpt

# netto

# VIÐ HÖFUM OPNAÐ NÝJA OG ENDURBÆTTA NETTÓ Í MJÓDD!




## OFURTILBOÐ Í MJÓDD



**-38%**

**SS LAMBASKROKKUR**
HÁLFUR
**799 KR/KG**
~~ÁÐUR: 1.298 KR/KG~~



**-50%**

**GRÍSABÓGUR**
STJÖRNUGRÍS
**499 KR/KG**
~~ÁÐUR: 998 KR/KG~~



**-56%**

**JARÐARBER**
**299 KR/PK**
~~ÁÐUR: 679 KR/PK~~



**-34%**

**KJÚKLINGUR ÍSFUGL**
HEILL
**593 KR/KG**
~~ÁÐUR: 898 KR/KG~~




**-47%**

**PESPSI, PEPSI MAX OG APPELSÍN**
**79 KR/STK**
~~ÁÐUR: 149 KR/STK~~



**-35%**

**LAMBALÆRI ÚRBEINAÐ**
RÓSMARÍN KRYDDAÐ
**1.691 KR/KG**
~~ÁÐUR: 2.602 KR/KG~~




**-36%**

**X-TRA HVÍTLAUKSBRAUÐ**
2STK.
**159 KR/STK**
~~ÁÐUR: 249 KR/STK~~




**-40%**

**X-TRA FRANSKAR KARTÖFLUR**
Í OFN 1KG
**239 KR/KG**
~~ÁÐUR: 399 KR/KG~~




**TILBOÐS VERÐ**

**MACKINTOSH 600GR**
QUALITY STREET
**699 KR/STK**

netto

Á NETINU

**Tilboðin gilda 1. – 4. nóvember 2018 www.netto.is**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

www.netto.is

## Merkisatburðir

**1906** Fyrsta kvikmyndahús á Íslandi hefur göngu sína í Fjalakettinum við Aðalstræti í Reykjavík og nefnist Reykjavíkur Biograftheater en varð seinna Gamla bíó. Þegar Fjalakötturinn var rifinn 1985 var bíósalurinn talinn einn sá elsti uppistandandi í heiminum.

**1912** Skátafélag Reykjavíkur stofnað í Fjósinu, bakhúsi Menntaskólans í Reykjavík.




**1913** Morgunblaðið hefur göngu sína. Stofnandi og fyrsti ritstjóri þess var Vilhjálmur Finsen.

**1914** Lög um notkun bifreiða ganga í gildi. Réttur til að stjórna bifreið var bundinn við 21 árs aldur. Hámarksökuhraði var 15 km/klst. í þéttbýli en 35 km/klst. utan þess.

**1930** Slysavarnadeildin Þorbjörn stofnuð í Grindavík og voru stofnfélagar 56 karlar og konur í þorpinu. Slysavarnadeildin notaði fyrst björgunarsveita á Íslandi fluglínutæki við björgun úr strönduðu skipi þegar franski togarinn Cap Fagnet strandaði 24. mars 1931. Síðan þá hafa félagar slysavarnadeildarinnar og björgunarsveitarinnar Þorbjörns bjargað 232 sjómönnum úr strönduðum og sökkvandi skipum, þar af 205 manns með fluglínutækjum.

**1941** Mesta flugslys á Íslandi fram til þess tíma verður er bandarísk flugvél ferst á Langahrygg á Reykjanesi og með henni 11 menn.

**1946** Íslendingar taka við yfirstjórn flugumferðar yfir Norður-Atlantshafi, allt frá Hjaltlandseyjum til Grænlands og norður á norðurpól.

# Krummi Króm kennir börnunum að segja nei

**Rithöfundurinn Ingibjörg Ferdinandsdóttir hefur sent frá sér barnabókina Krummi Króm sem fjallar um einstakan hrafn með mikla visku en hún segir söguna endurspegla meðvirknina í kringum okkur. Hún er þegar farin að vinna að næstu bók um Krumma.**

Krummi Króm er saga af einstökum hrafni sem býr yfir mikilli reynslu en hún hefur fært honum ákveðna visku sem nýtist honum vel í ævintýraskóginum sem hann býr í. Reynsla hans er svona rík vegna samskipta hans við önnur dýr. Krummi flýgur sum sé um skóginn og skoðar samskipti dýranna og grípur inn í ef með þarf og hjálpar til. Dag einn mætir hann t.d. Gormi vini sínum sem er gjörsamlega fastur í frekju- og hungurvef Vilmu villisvíns. Þá ræðir hann við Gorm og bendir honum á að setja mörk því þannig standi hann betur með sjálfum sér. Gormur þarf að læra að hugsa fyrst um sig áður en hann hjálpar öðrum en það er hann ekki að gera þegar Krummi kemur að honum í þessari stöðu. Vilma þarf hins vegar að læra að vinur hennar á ekki að bera ábyrgð á hennar hungri. Hún þarf að læra að bjarga sér sjálf til að verða sjálfstæðari. Að sjálfsögðu hjálpar Krummi Króm þeim með þetta verkefni á ósköp vinalegan hátt.

Neðst á hverri síðu eru spurningar sem gefa börnum og fullorðnum færi á að spjalla um efni bókarinnar og tengja við eigin reynslu. Auk þess geta spurningarnar hjálpað til við lesskilning. Bókin hentar mjög vel börnum á aldrinum 5-8 ára og jafnvel alveg upp í 10 ára,“ segir Ingibjörg Ferdinandsdóttir, höfundur bókarinnar um Krumma Króm. Bókin fjallar um meðvirkni enda er það skoðun Ingibjargar að það þurfi að byrja snemma að kenna börnum að segja nei.

„Þessi litla saga endurspeglar jú þá algengu meðvirkni sem er allt í kringum okkur og við könnumst öll svo vel við. Ég er einfaldlega þeirrar skoðunar að við þurfum að byrja snemma að byrgja brunninn. Börn verða óneitanlega sterkari þegar þau læra og þora að segja „nei“ þegar svo ber við. Meðvirkni er jú engin nýlunda en við þurfum að horfast í augu við hana og taka aðeins á henni og fræða börn. Það var nú svona meginástæðan fyrir því að ég þurfti að koma þessari sögu frá mér.“

Ingibjörg segir ástæðuna fyrir því að hún hafi farið út í að skrifa barnabækur einfaldlega vera töfrana sem í barnabókum felist.

„Þegar þú skrifar fyrir börn þá er ímyndunaraflið óheft og allt getur gerst. Hugsaðu þér töfrana í því! Börn bæta svo sinni eigin reynslu við efnið og það verður eitthvað miklu stærra og í raun merkilegra heldur en það sem maður leggur sjálfur upp með. Krakkar búa yfir ótrúlegustu hugmyndum og eru með ógrynni af þeim.“

Ingibjörg hefur skrifað tvær bækur um köttinn Kela sem hvarf – en þær bækur byggir hún á eigin reynslu frá því þegar kötturinn hennar Keli hvarf í fjóra mánuði.

„Við fjölskyldan urðum sum sé fyrir því óláni að Keli, kötturinn okkar, hvarf í fjóra mánuði og atburðarásin og reynslan í kringum hvarfið varð efni í þessar bækur. Þetta eru ljúfar bækur, sem taka m.a. á tilfinningum, en ég skrifa fyrri söguna út frá sjónarhóli yngri sonar okkar hjóna sem þá var 9 ára. Í seinni bókinni er Keli sögumaðurinn.“

Ingibjörg er einnig höfundur hljóðbóka þar sem hún les mannræktarbækur sínar Garður hugans og Rödd hafsins undir róandi tónlist sem hún vann annars vegar með Friðriki Karlssyni og hins vegar Valgeiri Skagfjörð.



Ingibjörg hefur skrifað nokkrar barnabækur, þar á meðal bækurnar um týnda köttinn Kela sem byggðar eru á sögu af hennar eigin ketti sem týndist í nokkra mánuði.




Hildur Björk Þorsteinsdóttir myndskreytti bókina um hann Krumma.

> Börn verða óneitanlega sterkari þegar þau læra og þora að segja „nei“ þegar svo ber við. Meðvirkni er jú engin nýlunda en við þurfum að horfast í augu við hana og taka aðeins á henni og fræða börn.

„Á því tímabili sem ég skrifaði Garð hugans þá hlustaði ég heilmikið á tónlist Friðriks Karlssonar og mér fannst hugleiðslutónlistin hans óma svo víða – alveg dásamleg. Þegar kom að því að halda útgáfuhóf vegna útgáfu Garðs hugans managði ég mig upp í að hringja í Friðrik til að fá hann til að spila í teitinu. Hann féllst á það og í kjölfarið kom upp sú frábæra hugmynd að gera hljóðbókina Garður hugans sem kom síðan út rúmlega ári síðar.

Samstarfið við Valgeir kom þannig til að við vorum bæði að kenna í Mími símenntun og þar sem ég vissi að hann var líka að semja hugleiðslutónlist fékk ég hann til að lofa mér að heyra demó eða prufur sem mér leist svona líka vel á! Sjávarnið er bætt inn í tónverkið á disknum Rödd hafsins og það finnst mér svo sannarlega setja punktinn yfir i-ið.“

Ingibjörg vinnur nú að tveimur handritum, öðru í samstarfi við Eydísi Eiri kvikmyndagerðarkonu, sem hún segir að hafi verið ansi gefandi og skemmtilegt samstarf. Hitt handritið er svo næsta bók um hann Krumma.

stefanthor@frettabladid.is



Elsku mamma, amma, tengdamamma og systir,

**Hildur Rúna Hauksdóttir**

Grettisgötu 40,

lést fimmtudaginn 25. október. Útför hennar fer fram þriðjudaginn 6. nóvember kl. 13.00 frá Fossvogskirkju.

**Björk Guðmundsdóttir**
**Arnar Sævarsson** **Hrund Einarsdóttir**
**barnabörn og systkini.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Arndís Birna Sigurðardóttir**

áður Blöndubakka 15,

lést á Landspítalanum 30. október. Útför verður auglýst síðar.

**Halla Guðrún Jónsdóttir** **Gísli Arnar Gunnarsson**
**Brynjólfur Gunnar Jónsson**
**Arndís Lára Jónsdóttir** **Ebenezer G. Guðmundsson**
**Hallgrímur Júlíus Jónsson** **Berglind Birgisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Fjóla Sveinbjarnardóttir**

Miðtúni 11, Seyðisfirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Fossahlíð Seyðisfirði mánudaginn 29. október. Útförin fer fram frá Seyðisfjarðarkirkju laugardaginn 3. nóvember kl. 14.00.

**Ásta Jóna Guðmundsdóttir** **Þorvaldur Benediktsson Hjarðar**
**Sigurjón Andri Guðmundsson** **Jóna Margrét Valgeirsdóttir**
**Ingibjörg Sóley Guðmundsdóttir** **Guttormur Kristmannsson**
**Hildur Björk Guðmundsdóttir** **Brynjar Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


Allar Sirius ljósaseríur
25% - 50%
RAFTÆKJADAGAR
ÖLL RAFTÆKI
Á ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI
DYSON
V10
MOTORHEAD
POKALAUS
HANDRYKSUGA
SÚ ALLRA
ÖFLUGASTA
ÞÚ
SPARAR
10.000
VERÐ ÁÐUR...99.995
TILBOÐ .........89.995
44%
BABYLISS
HÁRBLÁSARI 2000W AC MÓTOR
VERÐ ÁÐUR... 8.995
TILBOÐ ......... 4.995
PHILIPS
TÖFRASPROTI
550W
20%
VERÐ ÁÐUR... 9.995
TILBOÐ ......... 7.995
20%
PHILIPS
POWER GO
RANGE
RYKSUGA
VERÐ ÁÐUR... 14.995
TILBOÐ ......... 11.995
byggtogbúið
KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS
20%
OBH NORDICA
BLANDARI
Style Inox
VERÐ ÁÐUR...10.995
TILBOÐ ...........8.795
MEÐ BRAUÐ-HITARA
25%
ARIETE
PARTY TIME
HEILSUGRILL
VERÐ ÁÐUR... 7.995
TILBOÐ ......... 5.995
SEVERIN BRAUÐRIST
29%
VERÐ ÁÐUR... 6.995
TILBOÐ ......... 4.995
OHB NORDICA
KAFFIVÉL
Café Inox
20%
VERÐ ÁÐUR..... 9.995
TILBOÐ ........... 7.995
25%
MELISSA
KETILL
0,8L - Stál
VERÐ ÁÐUR... 3.995
TILBOÐ ......... 2.995
KitchenAid
SEGULKNÚINN
BLANDARI
1,8 HESTAFLA
MÓTOR
63%
VERÐ ÁÐUR...79.995
TILBOÐ .........29.995
BODUM
BISTRO
MJÓLKURFLÓARI
50%
VERÐ ÁÐUR...11.995
TILBOÐ ...........5.995
40%
OBH NORDICA
COMPACT FRESH
MATVINNSLUVÉL
VERÐ ÁÐUR... 9.995
TILBOÐ ......... 5.995
OHB NORDICA SLÉTTUJÁRN/BURSTI
BJÖRN AXÉN
40%
Jónatækni sem skilur
hárið eftir silkimjúkt!
VERÐ ÁÐUR... 14.995
TILBOÐ ...........8.995
SOEHNLE ELDHÚSVOG
40%
VITA
Silfur
VERÐ ÁÐUR.....5.495
TILBOÐ ...........3.295
SOEHNLE BAÐVOG
Style sense
50%
Hvít
200
VERÐ ÁÐUR.....4.995
TILBOÐ ...........2.495
DELONGHI
SJÁLFVIRK
KAFFIVÉL
MagnificaS 1450W
ÞÚ SPARAR
10.000 KR.
VERÐ ÁÐUR...69.995
TILBOÐ .........59.995
KitchenAid
HRÆRIVÉLA
TILBOÐ
KAUPAUKI
Keramik eldföst
mót - 4 stk. sett
að verðmæti
19.995
FJÖLDI LITA – VERÐ FRÁ 69.995
OBH NORDICA
KAFFIKVÖRN
PRESTIGE
21%
VERÐ ÁÐUR.....6.995
TILBOÐ ...........5.495
21%
ARIETE
GUFUBURSTI
FYRIR ÖLL FÖT
2 BURSTAR FYLGJA
VERÐ ÁÐUR.....6.995
TILBOÐ ...........5.495
SEVERIN VÖFFLUJÁRN
33%
VERÐ ÁÐUR... 5.995
TILBOÐ ......... 3.995
DOLCE GUSTO
PICCOLO KAFFIVÉL
NESCAFÉ Dolce Gusto
29%
YFIR 30 TEGUNDIR
AF KAFFI
VERÐ ÁÐUR... 6.995
TILBOÐ ......... 4.995

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

Vestan 8-15 m/s norðaustan til á landinu fyrri part dags, en annars hægari norðaustlæg eða breytileg átt. Vaxandi norðaustanátt í kvöld, þykknar upp og fer að rigna við SA-ströndina síðla kvölds. Frost 0 til 5 stig til landsins, en um frostmark við ströndina.




## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 0° | -2° | -1° |
| ↙ 10 | ↙ 10 | ↓ 5 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -0° | 2° | -6° |
| ↓ 12 | ↙ 13 | ↓ 13 |

## Sunnudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -0° | -1° | -1° |
| ↓ 5 | ↓ 8 | ↘ 2 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -4° | 1° | -5° |
| ↓ 4 | ↓ 5 | ↓ 9 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | 4 | 2 | 6 | 9 | |
| | | | | | | | | 7 |
| 3 | | 7 | 5 | 9 | | 2 | | 4 |
| 1 | | 8 | 9 | | 7 | 3 | 5 | |
| | | 6 | 3 | | | | | |
| 7 | | 9 | 1 | | | | | 8 |
| | 9 | | | | 8 | 7 | | |
| 6 | | 5 | | 3 | | | | |
| 8 | | 3 | 4 | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | 3 | | 9 | | 1 | | |
| 9 | | 5 | | 8 | | | | |
| | 7 | | 6 | 5 | | 4 | | |
| 7 | 9 | 4 | 2 | 6 | 5 | | | |
| | | | 7 | | | 5 | | 4 |
| | | 2 | | 3 | | 9 | 6 | |
| | 1 | 9 | | | | | | 2 |
| | | | | | 6 | | 4 | |
| | 2 | | | | | | 9 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 2 | 9 | 1 | | 4 | 3 |
| | | 7 | 3 | | | | 2 | |
| | 3 | | | | 6 | | 9 | |
| | | 2 | | 8 | | 5 | | |
| | 5 | | | | | | | |
| | | | 9 | 1 | | | | 6 |
| 5 | | 3 | | | | | 7 | |
| | | | | | 9 | | 6 | 8 |
| 8 | | | | | 7 | 4 | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 6 | 3 | 1 | 8 | 7 | 4 | 9 |
| 4 | 7 | 1 | 2 | 9 | 6 | 5 | 8 | 3 |
| 8 | 9 | 3 | 4 | 5 | 7 | 1 | 2 | 6 |
| 9 | 1 | 7 | 6 | 3 | 4 | 2 | 5 | 8 |
| 5 | 8 | 4 | 7 | 2 | 9 | 6 | 3 | 1 |
| 3 | 6 | 2 | 1 | 8 | 5 | 9 | 7 | 4 |
| 6 | 4 | 5 | 8 | 7 | 1 | 3 | 9 | 2 |
| 7 | 2 | 8 | 9 | 6 | 3 | 4 | 1 | 5 |
| 1 | 3 | 9 | 5 | 4 | 2 | 8 | 6 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 5 | 7 | 3 | 2 | 8 | 1 | 6 | 9 |
| 8 | 9 | 2 | 1 | 7 | 6 | 4 | 3 | 5 |
| 1 | 3 | 6 | 9 | 4 | 5 | 8 | 2 | 7 |
| 6 | 8 | 5 | 7 | 3 | 1 | 2 | 9 | 4 |
| 7 | 1 | 4 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 | 6 |
| 9 | 2 | 3 | 5 | 6 | 4 | 7 | 1 | 8 |
| 5 | 6 | 8 | 4 | 1 | 3 | 9 | 7 | 2 |
| 3 | 4 | 9 | 2 | 5 | 7 | 6 | 8 | 1 |
| 2 | 7 | 1 | 6 | 8 | 9 | 5 | 4 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 3 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 8 | 9 |
| 1 | 7 | 8 | 9 | 6 | 2 | 5 | 4 | 3 |
| 2 | 4 | 9 | 3 | 8 | 5 | 1 | 6 | 7 |
| 6 | 9 | 2 | 4 | 5 | 3 | 7 | 1 | 8 |
| 7 | 5 | 3 | 8 | 9 | 1 | 4 | 2 | 6 |
| 8 | 1 | 4 | 7 | 2 | 6 | 9 | 3 | 5 |
| 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 8 | 3 | 9 | 2 |
| 3 | 8 | 7 | 2 | 1 | 9 | 6 | 5 | 4 |
| 9 | 2 | 5 | 6 | 3 | 4 | 8 | 7 | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. lögunar
5. ái
6. tveir eins
8. radar
10. tveir eins
11. sönghús
12. úrgangur
13. demba
15. tindar
17. tuldra

**LÓÐRÉTT**
1. reiðir af
2. niður
3. bæklingur
4. doðinn
7. avókadó
9. lotu
12. drekka
14. garðshorn
16. stríðni

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. forms, 5. afi, 6. ll, 8. ratsjá, 10. nn, 11. kór, 12. sorp, 13. skúr, 15. toppar, 17. tauta.
**LÓÐRÉTT:** 1. farnast, 2. ofan, 3. rit, 4. sljór, 7. lárpera, 9. skorpu, 12. súpa, 14. kot, 16. at.

## Skák Gunnar Björnsson

Zscahako átti leik gegn Hertel í Erbisdorf árið 1990.

**1. ... Hh2+! 2. Kxh2 Dxf3 0-1.** Mát er ekki umflúið. Ný alþjóðleg skákstig eru komin út. Héðinn Steingrímsson er stigahæstur íslenskra skákmanna. Hilmir Freyr Heimisson er kominn á topp 20 á Íslandi.

**www.skak.is:** Ný alþjóðleg skákstig.

**Svartur á leik**




# FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið

**Skrifar gegn merkingarleysi**
Það er ekki til saklaus skáldskapur, segir **Auður Ava Ólafsdóttir** handhafi bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs, í einlægu viðtali um listina og lífið.





**Var skilað**
**Hasim Ægir Khan** var yfirgefinn af fjölskyldu sinni á Indlandi sex ára gamall. Hann var gefinn til Íslands til ættleiðingar tólf ára gamall en tilvonandi foreldrar hans notfærðu sér glufu í lögunum til að komast hjá því að fullgilda ættleiðinguna.

**Spila þótt dauðarefsing liggi við**
Dauðarefsing er við tónlist og boðskap hljómsveitarinnar **Al-Namrood** í heimalandinu Sádi-Arabíu. Fréttablaðið ræddi við Mephisto, einn stofnenda hljómsveitarinnar.

**Ísland er meðsekt**
Beatrice Fihn, stjórnandi Nóbelsverðlaunasamtakanna ICAN, ræðir um baráttuna gegn kjarnorkuvopnum og afstöðu Íslands.

**Fréttablaðið – ómissandi hluti af góðri helgi**


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# LESTU EITTHVAÐ NÝTT!




VILDARVERÐ: 6.299.-
Verð: 7.999.-

Hvítabirnir á Íslandi




**Ropandi Rúna**
**VILDARVERÐ: 1.699.-**
Verð: 2.299.-




**Myndir af þjóð**
**VILDARVERÐ: 5.599.-**
Verð: 6.999.-




**Nú brosir nóttin**
**VILDARVERÐ: 5.199.-**
Verð: 6.499.




**PAX - Níðstöngin**
**VILDARVERÐ: 3.199.-**
Verð: 3.999.-




**Hin hliðin**
**VILDARVERÐ: 3.599.-**
Verð: 4.499.-




**Auðna**
**VILDARVERÐ: 4.999.-**
Verð: 6.499.-




**Frelsi mannsins**
**VILDARVERÐ: 3.999.-**
Verð: 4.999.-




1.
Metsölulisti Eymundsson

**Jól í Litla bakaríinu við Strandgötu**
**VILDARVERÐ: 3.199.-**
Verð: 3.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 5. nóvember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Fóður fyrir hugann



„Ég lét allt flakka, skrifaði þangað til ég var orðinn tómur,“ segir Haukur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Haukur Ingvarsson fékk verðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir Vistarverur. Ákvað að temja textann ekki um of. Ljóð í minningu Guðmundar Páls Ólafssonar.**



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is

Haukur Ingvarsson hlaut á dögunum verðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir ljóðabók sína Vistarverur. Haukur er enginn nýliði á ritvellinum en hann hefur áður sent frá sér ljóðabókina Niðurfall og þættir af hinum dularfulla Manga (2005) og skáldsöguna Nóvember 1976 (2011), auk fræðibókarinnar Andlitsdrættir samtíðarinnar: Síðustu skáldsögur Halldórs Laxness (2009).

Haukur segir verðlaun Tómasar Guðmundssonar skipta sig miklu máli. „Þetta er mikilvæg viðurkenning. Þessi verðlaun hafa verið að vaxa mjög síðustu ár og hafa gert heilmikið fyrir þá höfunda sem hafa fengið þau.“ Þegar hann er spurður hvort hann hafi átt von á að bera sigur úr býtum segir hann: „Ég held að ég sé ekki að grobba um of en ég var mjög ánægður með handritið og hafði trú á því að ég gæti unnið um leið og ég gerði mér grein fyrir því að margir aðrir væru vel að verðlaununum komnir. Ég var úti í Danmörku þegar dómnefndin hringdi til að láta mig vita að ég hefði unnið. Ég var á hjóli og stoppaði, en ef ég hefði haldið áfram að hjóla og verið í símanum um leið hefði ég örugglega keyrt úti í síki.“

**Þurfum að færa fórnir**

Spurður um yrkisefni bókarinnar segir Haukur: „Í ræðu við afhendingu verðlaunanna minntist ég á að þegar ég var lítill og það var rigning þá hafði systir mín stundum ofan af fyrir mér með því að fara í leikinn: Hvað myndirðu taka með þér á eyðieyju? Þegar ég fór að vinna að þessari bók þá fór þessi hugsun hvað eftir annað að skjóta upp kollinum: Hvað myndirðu taka með þér á eyðieyju? Hugsunin kjarnar mjög vel það sem við stöndum frammi fyrir vegna þess að við getum ekki haldið áfram að lifa því lífi sem við lifum óbreyttu án þess að það hafi mjög varanleg áhrif á jörðina og lífið á henni. Við munum þurfa að færa einhverjar fórnir. Þetta er ein nálgun mín í yrkisefnum. En það er ekki eins og þetta sé einvíð bók sem fjalli bara um þetta eina málefni. Þarna er líka að finna tilfinningar, minningar og fyrirbæri sem mér þykir vænt um. Ætli það megi ekki segja að þarna sé farangur sem ég gat pakkað með mér í lítið kver.“

**Lét allt flakka**

Húmor leynist víða í bókinni. „Húmor er beitt vopn og hluti af lífsbjargarviðleitni og þegar ég stóð frammi fyrir þeim yrkisefnum sem ég er að glíma við í bókinni þá kom í mig undarlegur galsi,“ segir Haukur. Galsinn skilar sér einnig í áberandi afslöppuðum tóni og um hann segir Haukur: „Ég sleppti algjörlega fram af mér beislinu og spann mikið. Ég lét allt flakka, skrifaði þangað til ég var orðinn tómur. Svo vann ég talsvert í textanum eftir ár, stytti og reyndi að hefla málfar og sníða af allan óþarfa. Ég tók samt meðvitaða ákvörðun um að temja textann ekki um of.

Það eru ýmsir þræðir og myndmál sem ganga í gegnum alla bókina. Ég vil að þarna sé eitthvert fóður fyrir hugann svo fólk geti lesið bókina oftar en einu sinni. Það skipti mig líka máli að bókin væri aðgengileg. Ég skammast mín ekkert fyrir að segja að ég vil að fólk lesi það sem ég skrifa og fái eitthvað út úr því. Mér fannst þessi spjallkenndi tónn, sem einkennir verkið, líklegur til að taka vel á móti lesandanum.“

> **MÉR FANNST ÞESSI SPJALLKENNDI TÓNN, SEM EINKENNIR VERKIÐ, LÍKLEGUR TIL AÐ TAKA VEL Á MÓTI LESANDANUM.**

**Í minningu Guðmundar Páls**

Haukur segir öll ljóð bókarinnar ort á undanförnum tveimur árum ef frá eru talin fyrstu ljóðin tvö í bálknum „Allt sekkur“. Þau segir hann eiga rætur að rekja til heimsóknar í Kringilsárrana sem hann fór með góðum vinum sumarið sem framkvæmdir höfust við Kárahnjúkavirkjun. „Við vorum á göngu í þoku og skyndilega birtist hópur af hreindýrum sem leið einhvern veginn fram hjá. Þessi reynsla sat í mér en ég festi hana ekki á blað fyrr en Guðmundur Páll Ólafsson, rithöfundur og náttúrufræðingur, féll frá árið 2012. Ég ber djúpa virðingu fyrir ævistarfi hans og þessi tvö ljóð voru ort í minningu hans. Mér þætti vænt um að fá að halda því til haga hér. Hreindýrin eru ein af mörgum vistarverum sem koma við sögu þessarar bókar en ég ferðast líka um borgarlandslagið og undraheima hafdjúpanna svo eitthvað sé talið.“

# Dragdrottningar Valhallar

**ÓPERA**

**Þrymskviða**

★★★★☆

**Jón Ásgeirsson**

**Norðurljós í Hörpu**
föstudaginn 26. október

**Einsöngvarar:** Guðmundur Karl Eiríksson, Margrét Hrafnsdóttir, Keith Reed, Agnes Thorsteins, Þorsteinn Freyr Sigurðsson, Eyjólfur Eyjólfsson, Gunnar Björn Jónsson og Björn Þór Guðmundsson. Einnig söng Háskólakórinn og Sinfóníuhljómsveit unga fólksins lék.
**Leikstjóri:** Bjarni Thor Kristinsson
**Stjórnandi:** Gunnsteinn Ólafsson



Norðurljósasal Hörpu var breytt í óperuhús. MYND/VALDIMAR LEIFSSON

Ég las nýlega grein þar sem fram kemur að geðvonska geti verið holl. Hún á að hjálpa fólki að ná betri samninga, taka skynsamlegri ákvarðanir og minnka líkurnar á hjartaáfalli. Fólk sem er alltaf í góðu skapi er hins vegar í áhættuhópi. Það liggur ekki nægilega vel yfir smáatriðum, er trúgjarnt og sjálfhverft. Svo hefur það tilhneigingu til að borða og drekka of mikið.

Mér datt þetta í hug á óperunni Þrymskviðu í Norðurljósum í Hörpu á föstudagskvöldið. Efniviður óperunnar er úr Eddukvæðunum og guðinn Þór er í aðalhlutverki. Hann er í vondu skapi alla sýninguna. Jafnvel dulbúinn brúðarslöri er hann ekkert sérstaklega aðlaðandi. Þvert á móti er hann eins og hrjótandi risaeðla sem getur vaknað á hverri stundu. Meðhjálparar hans, þeir Heimdallur og Loki, eru líka viðskotaillir. En það gefur þeim drifkraftinn til að sigrast á erfiðleikum og þeir fara glaðir heim til sín í lok söguinnar. Pollýönnuhugarfar skilar þar engu.

Þrymskviða er eftir Jón Ásgeirsson, sem heldur upp á níræðisafmæli sitt um þessar mundir. Óperan fjallar um það þegar Þrymur þursadrottinn stelur hamri Þórs og vill ekki láta hann af hendi fyrr en hann fær Freyju fyrir eiginkonu. Þór dulbýr sig þá sem Freyja og með hjálp Loka og Heimdallar nær hann hamrinum. Þrymskviða er fyrsta íslenska óperan í fullri lengd og var frumflutt árið 1974. Sú útgáfa sem hér var sýnd er hins vegar talsvert endurbætt, svo í raun var um frumflutning að ræða.

Fé var greinilega af skornum skammti, en þar sem þetta var gamanópera var hægt að horfa fram hjá því. Þar má nefna að sviðsmyndin samanstóð aðallega af uppblásnum húsgögnum og risakoddum, sem var fyndið. Söngvararnir voru auk þess í nútímaklæðum, en samt voru dregnar upp áhrifaríkar andstæður með því að hafa æsina í fínum jakkafötum en þursana í subbulegum mótorhjólagöllum. Verra var að hamar Þórs, sem var tekinn upp úr veglegri kistu í lok sýningarinnar, var ekkert annað en lítið hálsmen í keðju. Það var slæmur antíklímax. Var virkilega ekki hægt að tjasla einhverju saman og mála það?

Bjarni Thor Kristinsson var leikstjóri og vann verk sitt ágætlega, því hvergi var dauður punktur í sýningunni. Einsöngvararnir stóðu sig mjög vel í leik og söng. Guðmundur Karl Eiríksson var flottur Þór, röddin hraustleg og kröftug. Þorsteinn Freyr Sigurðsson var líka prýðilegur sem Heimdallur og það sópaði að Keith Reed í hlutverki Þryms. Agnes Thorsteins var skemmtilega ögrandi í hlutverki Grímu, systur hans. Og Margrét Hrafnsdóttir var svipmikil Freyja þó hún hafi verið eilítið óörugg í byrjun.

Eyjólfur Eyjólfsson var frábær. Bæði var söngurinn stórfenglegur og hann var einkar trúverðugur í hlutverki hins slóttuga Loka. Ekki síst þegar hann var í dragkenndu gervi þjónustustúlku en þá stal hann eftirminnilega senunni.

Sinfóníuhljómsveit unga fólksins spilaði, sem var dálítið óheflað eins og við er að búast þegar nemendur leika. Sömu sögu er að segja um Háskólakórinn, sem samanstendur af misskóluðu áhugafólki. Leik- og sönggleðin fleytti þeim engu að síður yfir tæknilega örðugleika. Þeim tókst svo um munaði að magna upp réttu stemninguna undir líflegri stjórn Gunnsteins Ólafssonar.

